

Stofnfundur Minjasafns Austurlands haldinn í Hótel Valaskjálfi þriðjudaginn 14. mars 1995.

Mættir: Jón Steinar Elísson, Guðlaugur Sæbjörnsson og Þuríður Backman frá svæðisstjórn oddvita. Fulltrúar sveitafélaga: Erlendur Steinþórsson, Gunnar Guttormsson, Þórey Hannesdóttir, Arnór Benediktsson, Þórarinn Ragnarsson. Frá undirbúningsnefnd: Sigurjón Bjarnason og Guðrún Kristinsdóttir.

Þar sem ekki mættu allir fulltrúar þeirra sveitafélaga, sem samþykkt hafa að standa að stofnun Minjasafns Austurlands og ekki hefur borist staðfesting viðkomandi sveitafélaga og tilnefning fulltrúa í fulltrúaráð, þá er fundinum frestað. Formanni svæðisstjórnar oddvita falið að leita eftir þeim gögnum, sem uppá vantar og boða til fundar svo fljótt sem auðið er og veður leyfir.

Þuríður Backman formaður svæðisstjórnar, ritari fundargerðar.

Stofnfundur byggðasamlags um rekstur Minjasafns Austurlands, haldinn í Hótel Valaskjálfi H/F föstudaginn 31 mars 1995. Kl. 14:00.

Eftirtaldir fulltrúar eru mættir:

Þórey Hannesdóttir Fellahreppi

Magnús Þorsteinsson Borgarfjarðarhreppi

Björgvin Geirsson Jökuldalshreppi

Guðmar Ragnarsson Hjaltastaðahreppi

Egilsstaðabær Erlendur Steinþórsson

Hlíðahreppur Stefán Geirsson

Fljótsdalshreppur Hákon Aðalsteinsson

Skriðdalshreppur Jón Júlíusson

Einnig voru mætt Þuríður Backman, Guðlaugur Sæbjörnsson f.h. svæðisstjórn oddvita á Héraði, Sigurjón Bjarnason og Guðrún Kristjánsdóttir.

Dagskrá fundar

1. Setning fundar.
2. Kjör fundarstjóra
3. Kjör fundarritara
4. Kjörbréf fulltrúa sveitarfélaga
5. Tillaga að félagssamþykkt Minjasafns Austurlands umræðum og afgreiðslu
6. Fjárhagsáætlun 1995 umræður og afgreiðsla
7. Kjör stjórnar og varastjórnar
8. Kjör endurskoðanda
9. Önnur mál.

1. Þuríður Backman setti fundinn.
2. Þuríður Backman var kjörin fundarstjóri.
3. Guðlaugur Sæbjörnsson kjörin fundarritari.
4. Fundarstjóri fór yfir þau kjörbréf sem fyrir fundinum lágu.
5. Tillaga að félagssamþykkt Minjasafns Austurlands umræður og afgreiðsla.

Sigurjón Bjarnason gerði grein fyrir tillögu að samþykktum um Minjasafn Austurlands. Eftirfarandi tillaga var gerð við 15. grein og hljóðar hún þannig í heild sinni:

15. grein.

„Gildistaka samninga þeirra var 1. janúar 1995. Samninginn skal endurskoða innan tveggja ára frá gildistöku hans.

Við gildistöku samnings þessa fellur jafnframt úr gildi skipulagsskrá Minjasafns Austurlands frá 1982.

Framtalinn samningur var samþykktur á oddvitafundi þann 2. des. 1994 og síðan af Sveitastjórnnum allra aðildar sveitarfélaga“.

Samþykkt samhljóða.

Samningurinn var síðan borinn upp til atkvæða í heild sinni og samþykktur samhljóða.

6. Fjárhagsáætlun 1995.

Fyrir fundi liggja drög að rekstraráætlun ársins 1995, ásamt tillögu að kostnaðaráætlun Sveitarfélaga.

Magnús Þorsteinsson útskýrði drög að rekstraráætlun fyrir Minjasafn Austurlands, ásamt Sigurjóni Bjarnasyni og svöruðu fyrirspurnum fundarmanna.

Samþykkt var að vísa endanlegri fjárhagsáætlunargerð til verðandi stjórnar.

7. Kjör stjórnar og varastjórnar.

Samþykkt að skipa kjörnefnd til að gera tillögu að stjórn og varastjórn:

Voru Erlendur Steinþórsson, Jón Júlíusson og Guðmar Ragnarsson skipaðir í þá nefnd.

Eftirfarandi tillaga kom frá kjörnefnd:

Aðalmenn:

Erlendur Steinþórsson

Þórey Hannesdóttir

Magnús Þorsteinsson

Varamenn:

Sævar Sigbjarnarson

Hákon Aðalsteinsson

Var tillagan samþykkt samhljóða.

8. Kjör endurskoðenda:

Samþykkt að leita til Endurskoðunar H/F að endurskoða reikninga.

9. Önnur mál: Engin önnur mál voru ekki rædd.

Fundi slitið kl. 16-10.

Guðlaugur Sæbjörnsson fundarritari

Þuríður Backman

Árið 1995. föstudaginn 7. apríl kom nýkjörin stjórn Minjasafns Austurlands saman kl.17.00 til fyrsta fundar síns í Ferðamiðstöð Austurlands.
Fundinn sat einnig Guðrún Kristinsdóttir minjavörður.

Fyrir var tekið:

1. Verkaskipting:

Aldurforseti. Magnús Þorsteinsson setti fundinn og bauð stjórnarmenn og Guðrúnu velkomna til fundarins.

Stjórnin skipi með sér verkum: Formaður: Þórey Hannesdóttir

Varaformaður: Erlendur Steinþórsson

Ritari: Magnús Þorsteinsson

2. Ráðning minjavarðar:

Lögð á ráðin og samin auglýsing eftir forstöðumanni safnsins með umsóknafresti til maí. Auglýst verður í *Morgunblaðinu*, *Austra* og *Austurlandi*.

3. Umsókn til Þjóðminjaráðs: Guðrún Kristinsdóttir tók að sér að orða umsókn um viðurkenningu ríkisins á minjasafninu, sem er forsenda fyrir að ríkið greiði hálf laun forstöðumanns safnsins.

4. Fjárhagsáætlun:

Magnús Tók að sér að vinna fyrstu drög að fjárhagsáætlun í samráði við Guðrúnu Kristinsdóttur fyrir næsta stjórnarfund, sem áætlaður er þriðjudaginn 25. apríl

5. Stefnt að fulltrúaráðsfundi viku af júní, þar sem m-a.verði lögð fram tillaga að fjárhagsáætlun. Fleira ekki gert. Fundi slitið kl.20.00.

Erlendur Steinþórsson Magnús Þorsteinsson fundarritari.

Þórey Hannesdóttir, Guðrún Kristinsdóttir

1995. Þriðjudaginn 25. apríl kom stjórn Min-Aust. saman til fundar í húsnæði Safnastofnunar Austurlands kl. 14.15. Á fundinum var einnig Guðrún Kristinsdóttir minjavörður. Þetta gerðist á fundinum.

1. Drög að fjárhagsáætlun 1995. Fjallað um drög sem Magnús hafði unnið í samvinnu við Guðrúnu. Miðað við að greiðslur sveitarfélaga verði 3 miljónir á árinu, auk þess sem þjóðminjasafnið greiðir 300 þús. stofnbúnaðarstyrk. Ætla má að kaupa verði mun meiri innréttingar í safnið á árinu en áður var gert ráð fyrir þar sem atvinnuleysistryggingasjóður hefur samþykkt styrk til flutningsvinnu við safnið o.fl. sem samsvarar tólf mannmánuðum.
2. Fjallað verður um málefni Min-Aust. á fundi þjóðminjaráðs næsta fimmtudag. Þjóðminjavörður telur þunglega horfa um greiðslu ríkis á hálfum launum minjavarðar Min-Aust. á þessu ári. Reynt verður að þoka málinu áfram þrátt fyrir það, og mun Guðrún vinna að því áfram sem hingað til ásamt Erlingi og formanni og þá litið til framlags næsta árs.
3. Stefnt að næsta stjórnarfundum 5. maí þar sem í fyrstu verði fundað með fráfarandi stjórn Min-Aust. En síðan verði fjallað um umsóknir um starf forstöðumanns. Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 16.00
Erlendur Steinþórsson Magnús Þorsteinsson – fundarritari
Þórey Hannesdóttir Guðrún Kristinsdóttir.

1995. Föstudaginn 5. maí kom stjórn Minjasafns Austurlands saman til fundar kl.11.30 í Hótel Valaskjálf. Allir stjórnarmenn mættir.

Fyrir var tekið:

1. Lagðar fram sjö umsóknir um starf forstöðumanns við safnið.

Umsóknir voru frá eftirtöldum:

Sigurjón Baldur Hafsteinsson Mosfellsbæ

Jón Allansson Hafnarfirði

Louise B Heite Seyðisfirði

Aldís Sigurðardóttir Mosfellsbæ

Óðinn Gunnar Óðinsson Borgarfirði

Björn Pétursson Hafnarfirði

Jóhanna Aðalsteinsdóttir Keflavík

Stjórnarmenn voru sammála um að leggja til hliðar í bili fjórar umsóknir en fjalla

Nánar um þrjár þ.e.umsóknir Sigurjóns, Jóns og Björns.

2. kl.15.00 mættu til fundar við stjórn Minjasafns þeir Gunnar Guttormsson og Aðalsteinn Aðalsteinsson úr fráfarandi stjórn.

Gjaldkeri, Aðalsteinn Aðalsteinsson afhenti sín gögn þ.e. rekstrarreikningur 1993 og 1994 ásamt bankabók safnsins. Þá fylgdi mappa með reikningum fyrri ára.

Gunnar afhenti formannsmöppu sína með ýmsum gögnum.

Kl.15:30 mætti Sigurjón Bjarnason til fundar sem fráfarandi stjórnarmaður.

Hann afhenti fundinum eftirfarandi ályktun frá UÍA:

Árþing UÍA fagnar stofnun byggðasamlags sveitafélaga um rekstur Minjasafn Austurlands og telur að aðild UÍA að safninu sé þar með úrgildi fallin.Óskar þingið

nýrri stjórn safnsins í velgengni í starfi og væntir þess að starfsemi þess muni eflast í höndum nýrra eigenda á komandi tímum.

Samþykkt á árþingi UÍA þann1. maí 1995.

Það er álit Sigurjóns að samsvarandi ályktun þyrfti að berast frá Menningarsamtökum Héraðsbúa, Sambandi Austfirska kvenna og Búnaðarsambandi Austurlands.

3. Guðrún Kristinsdóttir fór yfir umsóknir um starf forstöðumanns ásamt stjórn.

Hún var sammála því að skoða nánar 3 umsóknir sbr.lið 1.

Magnús sat fundinn aðeins undir dagskrárlið 1 og Guðrún undir dagskrárlið 2 og 3.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:00.

Erlendur Steinþórsson Þórey Hannesdóttir

Guðrún Kristinsdóttir Magnús Þorsteinsson

Aðalsteinn Aðalsteinsson Gunnar Guttormsson.

Árið 1995, föstudaginn 12. maí var haldinn fundur í stjórn Minjasafns Austurlands í húsnæði safnsins á Egilsstöðum kl.14,20. Mætt á fundin: Þórey og Magnús ásamt Guðrúnu Kristinsdóttur. Erlendur boðaði ófyrirséð forföll. Fyrir var tekið:

1. Húsnæðismál safnsins. Fyrir sjáanlegt er að vandkvæði geta orðið á að fá viðurkenningu þjóðminjaráðs á safninu fyrir en lokið verður við geymslu fyrir safnið í ytri kjallara nýbyggingar. Reynt verður að fá frágangi geymslunnar hraðað frá því sem nú er áformað.
2. Ráðning minjavarðar.
Ákveðið að taka upp viðræður við Sigurjón Baldur Hafsteinsson um ráðningu hans í safnið. Minjasafnið mun kosta ferð hans austur í því skyni, helst næstkomandi föstudag. 19. maí.
3. Óskað verður eftir því að Guðmundur Magnússon skýri stöðu nýbyggingarinnar á næsta stjórnarfundum.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl.16.20.

Þórey Hannesdóttir Magnús Þorsteinsson fundarritari.

Guðrún Kristinsdóttir

Árið 1995 föstudaginn 19. maí kom stjórn Minjasafns Austurlands saman á fund kl.16,20.

Allir stjórnarmenn mættir á fund: Fyrir var tekið.

1.Viðræður við Sigurjón Baldur Hafsteinsson um starf minjavarðar.

Sigurjón hefur verið á Egilsstöðum í dag og kynnt sér aðstæður ásamt eiginkonu sinni Kristínu Birgisdóttur. Sigurjón lýsti áhuga sínum á safninu enda list honum vel á aðstöðuna.

Farið var yfir kjarasamninga og lögðu aðilar fram hugmyndir sínar um launakjör.

Bar þar talsvert á milli en þó ekki meira en svo að líkur voru til að saman gengi.

Aðilar voru ásáttir un að íhuga málið gaumgæfilega. Stefnt að niðurstöðu fyrir miðja næstu viku.

Fleira ekki gert. Fundi slitið 18,15.

Erlendur Steinþórsson Magnús Þorsteinsson –fundarritari-

Þórey Hannesdóttir

Sigurjón Baldur, Kristín Birgisdóttir

Árið 1995, miðvikudagurinn 31. maí kom stjórn Min-Aust. saman á formlegan fund í Ferð-Aust. kl.11,00. Allir stjórnarmenn mættir. Frá síðasta bókaða fundi hefur stjórnin haldið tvo símafundi auk viðræðna við umsækjendur um minjavarðarstarfið.

Í því máli hefur það helst gerst að Sigurjóni bauðst starf við Siðfræðistofnun Háskólans.

Óskaði hann eftir að vera leystur undan umsókn sínu um minjavarðarstarfið og var orðið við því. Annar umsækjandi af þeim þremur sem nefndir eru í fundargerð 5. maí dró umsókn sína til baka. Þriðji umsækjandinn hefur komið austur í boði Min-Aust. og hafa stjórnarmenn átt við hann viðræður hér eystra og í Reykjavík. Þrátt fyrir góða menntun og starfsreynslu hafa stjórnarmenn efasemdir um að hann sé rétti maðurinn í minjavarðarstarfið. Nú hefur borist ein umsókn í viðbót um minjavarðarstarfið frá Steinunni Kristjánsdóttur fornleifafræðingi.

Stjórnarmenn voru sammála um að taka upp viðræður við Steinunni um ráðningu hennar í starfið. Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12,40.

Erlendur Steinþórsson Magnús Þorsteinsson –fundarritari-
Þórey Hannesdóttir.

Árið 1995, þriðjudagurinn 20 júní var haldinn stjórnarfundur í Min-Aust. sem hófst kl.14,15. í Valaskjálfi. Mættir voru stjórnarmenn ásamt Guðrúnu Kristinsdóttur.

Fyrir var tekið:

1. Ráðningasamningur. Farið yfir drög að ráðningarsamningi forstöðumanns.
2. Málefni safnsins. Guðrún stakk upp á að hún fengi eins mánaðar laun fyrir íhlaupastarf við safnið í sumar þegar hún mun hafa umsjón með flutningi safnsins og fleira þar til forstöðumaður kemur til fullra starfa 1. okt. Samþykkt.
Kostnaður við bónun gólfs í sýningarsal er áætlaður 100 þús. Þessi aðgerð er talin nauðsýnleg til að forða dúknum frá óhreinindum . Fáist þessi kostnaður ekki samþykktur sem byggingarkostnaður er stjórnin samþykk því að minjasafnið greiði hann enda lítur út fyrir að launakostnaður í ár verði aðeins lægri en fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir. Rætt um stálhillukerfi sem Guðrún hefur leitað upplýsinga um .
Guðrún hefur litið eftir hverjir eru á atvinnuleysiskrá hjá Egilsstaðabæ. Lögð á ráð um hverjum hentaði þessi vinna.
3. Væntanlegur forstöðumaður safnsins Steinunn Kristjánsdóttir mætti til fundar Kl. 15,20. Var hún ásátt með ráðningarsamninginn í því formi sem hann var kominn. Stjórn og starfsmaður skrifuðu síðan undir samninginn. Fleira ekki gert. Fundi slitið kl.16,00.
Þórey Hannesdóttir Magnús Þorsteinsson –fundaritari-
Erlendur Steinþórsson.

Fundur í fulltrúaráði Minjasafns Austurlands, haldinn í Hótel Valaskjálfi þriðjudaginn 20 júní 1995 kl.16.00

Mættir: Þórey Hannesdóttir, Sigurður Blöndal, Gunnar Guttormsson, Guðmar Ragnarsson, Heiða Reimarsdóttir, Magnús Þorsteinsson, Erlendur Steinþórsson og Steinunn Kristjánsdóttir.

Dagskrá:

1. Kynntur forstöðumaður Minjasafnsins.
2. Fjárhagsáætlun 1995. Umræður og afgreiðsla.
3. Hugmynd um málþing um málefni safnsins.
4. Önnur mál.

Formaður Þórey Hannesdóttir, setti fund kl.16:15 og bauð menn velkomna.

Hún setti Magnús Þorsteinsson sem fundarstjóra, og Erling Steinþórsson sem fundaritari.

Hér tók Magnús við fundarstjórn. Hann kannaði lögmæti fundarins, hann reyndist lögmætur.

1. Fundarstjóri gaf Þóreyju orðið. Hún kynnti stuttlega nýráðin forstöðumann safnsins Steinunni Kristjánsdóttur. Steinunn tók til máls og lýsti fyrstu verkefnum fram til hausts.
2. Fjárhagsáætlun 1995. Magnús Þorsteinsson fór yfir framlagða fjárhagsáætlun.

Tekjur áætlaðar kr. 2.500.000,- framlag frá sveitafélögum og samtals kr.450.000,-

í styrkveitingar. Í heild kr.2.950.000,-

Gjöld eru áætluð: hann kr. 890.000,- Kostn. v/ atvinnuátaksverkefni kr. 210.000,-

Tölvukostnaður kr. 300.000,- Innréttingar kr. 600.000,-

Annar kostnaður kr. 950.000,- Samtals kr. 2.950.00,-

Að öðru leyti vísað til meðfylgjandi fjárhagsáætlun.

Magnús leitaði afbrigða til að fá að afgreiða fjárhagsáætlun á þessum fundi, þar sem samþykktir Minjasafnsins gera ráð fyrir að fjárhagsáætlun verði afgreidd á aðalfundi fulltrúaráðs.

Þá leitaði hann afbrigða til að ákveða aðra gjalddaga fjárframlaga sveitafélaga en samþykktirnar kveða á um, en skv. Þeim eru tveir gjalddagar liðnir.

Magnús lagði fram eftirfarandi tillögu:

Fulltrúaráðsfundur Minjasafns Austurlands 20. júní 1995 samþykkir að ganga formlega frá fjárhagsáætlun safnsins fyrir árið 1995 á þessum fundi.

Jafnframt ákveður fundurinn að á þessu ári verði framlög sveitafélaganna krafín með fjórum jöfnum greiðslum: 15. júlí, 15. ágúst, 15. október og 15. desember.

Tillagan samþykkt einróma.

Þá bar Magnús upp til atkvæða framlagða fjárhagsáætlun;

Fjárhagsáætlun var samþykkt einróma.

3. Hugmynd um málþing um málefni safnsins.

Steinunn reifaði hugmyndina lauslega. Hún hvað nauðsynlegt að móta safnastefnu fyrir Minjasafn Austurlands. Hún lagði til að fá safnafólk af landinu á málþingið til að flytja þar erindi og fá heimafólk til að tjá sig um stefnu safnsins.

Hún nefndi 28. október sem vænlegan dag.

Fundarmenn lýstu sig almennt sammála hugmyndinni. Nokkrar umræður urðu um útfærslu og hvernig staðið yrði að greiðslu kostnaðar við málþingið.

Samþykkt að Erlendur geri grófa kostnaðaráætlun við málþing sem þetta.

Rædd var hugmynd um merki fyrir safnið.

Fram komu hugmyndir um fyrirlestra á málþinginu.

4. Önnur mál:

- a) Guðmar Ragnarsson bauð fram tvo traktora til varðveislu á safninu.
- b) Guðmar nefndi autt refabú í Heiðarseli sem áhugavert væri sem geymsla fyrir safnið.

Þórey þakkaði fundarmönnum komuna og sleit fundi kl. 18:30.

Magnús Þorsteinsson –fundarstjóri, Erlendur Steinþórsson –fundarritari-

Árið 1995, fimmtudagurinn 14. september var haldinn sundur í stjórn Min-Aust.

Sem hófst kl. 16, 30 í Valaskjálfi. Mættir voru stjórnarmenn ásamt forstöðumanni safnsins Steinunni Kristjánsdóttur.

Fyrir var tekið:

1. Bókhald og fjármál:

Sigurjón Bjarnason sér nú um þau mál en gert er ráð fyrir að forstöðumaður yfirtaki þá þætti þegar frá líður og hefur þegar með höndum yfirstjórn fjármalanna.

2. Steinunn hefur hugað kaupum á tölvubúnaði. Verður ráðið til lykta á símafundi.

3. Steinunn hóf í raun fullt starf í september byrjun og hafði starfað nokkuð fyrir safnið fram að því. Hún mun því taka föst laun frá 1. september og fær greiddan hálfan mánuð fyrir fyrri störf.

4. Búið er að flytja nær alla muni safnsins af bæjarskrifstofuloftinu í safnahúsið.

Aðeins stærstu gripirnir eru eftir. Búið er að koma upp járnhilluherfi og gólfbotun er hafin.

Hreinsun gripanna er langt komin. Af flutningum og hreinsun hefur unnið fólk sem komið hefur af atvinnuleysisskrá. Atvinnuleysistryggingasjóður endurgreiðir safninu launakostnað þess fólks að mestu. Smávegis er farið að huga að viðgerð safngripa.

Steinunn hefur sett upp sýningu um hreindýr á Héraði í tengslum við Ormsteiti.

5. Vinna við gerð merkis fyrir safnið er á lokastigi. Stjórnin er ásátt með hugmyndir um Um útlit þess.

6. Laun stjórnarmanna ákveðin kr. 12 þús. á ári. Stjórnarformaður fær tvöföld laun.

7. Athugað verður um afnot af húsi í Vémörk (?) fyrir traktora og fleiri búvélar.

8. Stjórnin hyggst fara fram á fund með bygginganefnd safnahússins.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18.45.

Erlendur Steinþórsson Magnús Þorsteinsson –fundaritari-

Þórey Hannesdóttir Steinunn Kristjánsdóttir

Föstudaginn 6.október 1995. kl. 15.00 í Valaskjálfi.

Mætt: Þórey Hannesdóttir, Guðrún Kristinsdóttir, Guðmundur Magnússon, og Steinunn Kristjánsdóttir.

1. Guðrún Kristinsdóttir ræddi það sem Þór Magnússon og Sturla Böðvarsson sögðu um safnahúsið og hvað vantaði til þess að fá húsið samþykkt sem safnahús. Halldóra Ásgeirsdóttir forvörður á Þjóðminjasafni Íslands kemur til þess að samþykkja það þegar kjallari hússins verður tilbúinn. Guðrún taldi rétt að fá bréflengt erindi frá Þjóðminjaráði um það hvað þarf til að húsið samþykkt. Guðmundur sagði frá hvað fór á milli þeirra þriggja (Þór og Sturla) í sumar. Nú stendur á peningum. Það þarf að fá hita-og brunakerfi í lag til að fá samþykki hússins. Guðmundur ætlar að láta klára kjallarann núna. Um áramót ætti að vera hægt að mála loft og gólf. Senda Þjóðminjaráði ítrekun að taka fyrir bréf um samþykki hússins frá 10. apríl 1995.
2. Steinunn skýrði frá samtölum sínum við Arnbjörgu Sveinsdóttur, alþingismanns. Arnbjörg lagði fram fyrirspurn til menntamálaráðherra um safnamál sem snúa að minjasöfnum úti á landi.
3. Guðmundur Magnússon sagði frá sínum málum og stöðu hússins. Skýra þarf frá Hversu mikið vantar til að klára og hvenær. 8 milljónir til. Húsin sem safnið átti við Skógarlönd 4 var seld á 2,2 milljónir. Vantar 22 milljónir til að klára húsið. Múrararnir ætla að tæma kjallarann og fara með vélar í geymslu. Búið að ganga frá verksamningi um frágang kjallarans fyrir áramót, að sögn Guðmundar. Munaf lutningur gæti hafist uppúr áramótum.
4. Styrkur frá Þjóðminjaráði kr. 300.000, kominn. Notaður í tölvukaup fyrir safnið.
5. Steinunn spurði Guðmund um frágang á safnahúsinu, s.s. salerni o. fl. Guðmundur bað um lista yfir þau verk sem eftir eru og skila til hans. Hann ætlaði síðan að sjá til þess að gengið yrði frá þeim málum sem snúa að bygginganefndinni.
6. Þær 8 milljónir sem eru útistandandi hjá ríkinu, þ.e. skuld ríkisins til Minjasafnsins, verða eingöngu notaðar í frágang á Minjasafninu en ekki í frágang á bóka og skjalasafni. Sameign er greidd samkv. eignarhlutfalli.
7. Guðrún spurði um tryggingamál á safninu. Innbú verður að tryggja. Steinunn fer í að ath. það mál strax á mánudag.

Fundi slitið kl.17.00.

Fundaritari: Steinunn Kristjánsdóttir , Guðrún Kristinsdóttir
Þórey Hannesdóttir Guðmundur Magnússon.

Fundur í stjórn Minjasafns Austurlands haldinn á skrifstofu safnsins Föstudaginn 10.11.95. kl. 15:00.

Mætt: Þórey Hannesdóttir, Steinunn Kristjánsdóttir, Erlendur Steinþórsson, Magnús Þorsteinsson boðar forföll.

Dagskrá:

1. Málþing 2. desember 1995

2. Næsti fundur.

Formaður setti fundinn kl.15:00 og bauð menn velkomna.

1. Málþing í Menntaskólanum á Egilsstöðum 2. desember 1995.

Eftirtaldir menn flytja erindi á málþinginu: Hjörleifur Guttormsson alþin.

Guðrún Kristinsdóttir, minjavörður,

Steinunn Kristjánsdóttir, forstöðumaður Minjasafnsins,

Þór Magnússon, þjóðminjavörður.

Þá á að ræða við Sigurð Blöndal, Hallormsstað og Arnbjörgu Sveinsdóttur, alþin. um að flytja erindi.

Þórey Hannesdóttir setur málþingið og Sigurjón Bjarnason, Egilsstöðum verður Fundastjóri. Á eftir verða almennar umræður.

Gerð drög að lista yfir fólk sem fær sent bréf með boði á málþingið.

Jafnframt verður málþingið auglýst.

2. Næsti fundur stjórnar áætlaður fljótlega.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.17:00.

Erlendur Steinþórsson, Þórey Hannesdóttir, Steinunn Kristjánsdóttir.

Fundur sem haldinn var á skrifstofu Minjasafnsins miðvikudaginn 22. nóv. 95. kl.15. vegna Kjarvalshvamms, Hjaltastaðþinghá. Tilefnið er varðveisla húsanna þar í framtíðinni auk gripa sem tilheyra Kjarval. Mættir: Sævar Sigbjarnason, Rauðholti, Guðrún Kristinsdóttir minjavörður Austurlands, Steinunn Kristjánsdóttir forstöðumaður Minjasafns Austurlands og Guðmar Ragnarsson.

1. Sævar benti á að betra væri af Minjasafnið tæki yfir húsin og munina. Guðrúnu fannst skynsamlegra að húsin yrðu í eigu hreppsins þar sem þau eru staðsett, en safnið sæi um sýningahald þar eða leiðsögn um svæðið.
2. Listi yfir gripina og húsin kynntur.
3. Umsjón húsanna yrði í verkahring safnsins ef það tekur þau að sér en það yrði Sveitafélagsins að sjá um það ef það væri í eigu þess benti Guðrún á. Sævar sagði að hreppurinn væri ekki að neita því að greiða fyrir viðhald ef húsið yrði í umsjón safnsins.
4. Fundurinn leggur til safnið sjái umhúsið og gripina en hreppurinn veiti aðstoð sína við kostnað á húsinu, s.s. viðhald og annað tilfallandi. Hreppurinn yrði áfram formlegur eigandi hússins en umsjón þess yrði í verkahring safnsins.

Þetta þarf að bera undir stjórn Minjasafnsins.

1. Sævar kom með orðsendingu frá Helga Arngrímssyni, eiganda Álfasteins, Þess efnis að hann lýsi yfir áhuga sínum á því að á Borgarfirði yrði komið upp varanlegri sýningu um Kjarval, og einhverskonar Kjarvalsstofu. Margir hafa lýst áhuga sínum yfir því og eru reiðubúnir að leggja sitt að mörkum til að þetta geti orðið að veruleika. Auk Helga Arngríms. Var Magnús Þorsteinsson í Höfn boðaðir á fundinn. Helgi, sem fulltrúi áhugamanna en Magnús sem fulltrúi sveitastjórnar Borgarfjarðarhrepps. Þeir gátu hvorugir mætt á fundinn.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 16:00.

Fundarritari: Steinunn Kristjánsdóttir, Guðmar Ragnarsson, Guðrún Kristinsdóttir, Sævar Sigbjarnarson.

Ár 1995, föstudagurinn 8. des. Kom stjórn Min-Aust- saman til fundar á skrifstofu Safnstjóra kl. 11:00. Allir stjórnarmenn mættir.
Þetta gerðist á fundinum.

Fjármál: Fjárhagsáætlun 1996.

Stefnt að því að gera drög að fjárhagsáætlun fyrir áramót sem send verði öllum aðildarsveitafélögum. Boðað verður til aukafundar fulltrúaráðsins í febrúar. Þar sem m.a. verður fjallað um fjárhagsáætlunina. Safnstjóra falið að gera frumdrög að fjárhagsáætlun í samráði við Magnús.

Bréf bæjaráðs Egilsstaðabæjar:

Með vísan til stjórnarfundar gerðri frá 6. okt. er gerð fyrirspurn um hvað skorti Til þess að húsnæðið verði viðurkennt, sem safnahús af þjóðminjaráði. Formanni falið að þrýsta á ráðið að verða við fyrri tilmælum stjórnarinnar Að skilgreina kröfur sínar í þessu efni.

Kjarvalshvammur:

Málaleitan Hjaltastaðahrepps um varðveislu húsa í hvamminum sbr. Fundargerð 22.nóv. s.l. Stjórn Min-Aust. er samþykkt því viðhorfi, sem fram kemur í fundargerðinni.

Baðstofan frá Brekku:

Safnstjóri greindi frá hugmyndum sínum um að setja upp efri hæð baðstofunnar inni í safnahúsinu(sýningarsal) Yrðu þá settir upp sýningarbásar inni í baðstofunni. Mundi það í engu spilla fyrir að síðar mætti setja baðstofuna upp í heilu lagi utandyra.

Starfmannamál:

Sótt hefur verið um framhald á atvinnuverkefni með styrk úr Atvinnuleysisstryggingasjóði: Rætt um hvað taki við þegar því verkefni lýkur.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:45.

Erlendur Steinþórsson, Þórey Hannesdóttir,
Steinunn Kristjánsdóttir.

Árið 1996, þriðjudaginn 16. jan. var haldinn fundur í stjórn Minjasafns Austurlands, sem hófst kl. 16:00. á skrifstofu safnsins. Til fundar mættu. Þórey og Magnús ásamt Steinunni safnstjóra. Erlendur var í útlöndum.

Fyrir var tekið:

1. Laun safnstjóra:

Við gerð ráðningarsamnings við safnstjóra var tekið mið af kjarasamningi Félags Íslenskra fræða. Félagið hefur nú gert nýjan kjarasamning við ríkisjóð þar safnstjóri hækkar um tvo launaflokka. Stjórnin telur eðlilegt að sama eigi við um kjör starfsfólks Minjasafnsins.

2. Fjárhagsáætlun:

Steinunn og Magnús hafa unnið frumdrög að fjárhagsáætlun: Drögin yfirfarin og varð stjórnin ásátt um tillögur, sem send verður aðildarsveitafélögum hið fyrsta.

Tillagan verður lögð fyrir fulltrúaráðsfund í febrúar til umfjöllunar.

Niðurstöðutöður fjárhagsáætlunar eru kr. 3.950 þús.

Framlög sveitafélaga kr. 2.800 þús.

3. Öryggismál:

Lagt fram bréf slökkviliðsstjóra dags. 6/1. til byggingarnefndar safnahússins þar sem sett eru tímamörk til 1. febrúar n.k. á lánmarksbrunavarnarbúnað, sem nú er enginn.

Stjórn Minjasafnsins treystir því að bygginganefndin bæti úr þessu hið fyrsta og mun hún þegar vera farin að huga að því.

4. Fulltrúaráðsfundur:

Ákveðið að boða til aukafundar fulltrúaráðs Minjasafnsins þriðjudaginn 13. febrúar kl.15,00.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17,30.

Magnús Þorsteinsson – fundarritari-

Steinunn Kristjánsdóttir

Þórey Hannesdóttir.

Árið 1996. Þriðjudaginn 13. feb. var haldinn fundur í fulltrúarráði Minjasafns Austurlands, sem hófst kl. 16,30. í Valaskjálfi.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Stjórnarformaður, Þórey Hannesdóttir, setti fund og bauð fundarmenn velkomna til fundarins. Gengið var úr skugga um að fundurinn væri lögmætur þar sem mættir voru fulltrúar sem réðu yfir meiru en helmingi atkvæða auk þess sem meirihluti stjórnar fulltrúa var mættur.
2. Lögð var fram tillaga stjórnar að fjárhagsáætlun fyrir árið 1996. Steinunn Kristjánsdóttir safnstjóri skýrði tillöguna. Niðurstöðutölur áætlunarinnar eru kr.3.950 þús. Teknamegin eru helstu liðir framlög sveitafélaga kr. 2.800 þús. og launaframlag ríkisins kr.750 þús. Gjaldamegin er stærsti liður laun og launatengd gjöld vegna forstöðumanns Kr.1.995 þús. Breytingatillaga meirihluta stjórnar miðar að því að starfsmaður verði í 75% starfi í sjö mánuði í stað 50% starfs sem var í upphaflegu tillögunni. Framlög sveitafélaga hækki um 150 þús. Í umræðum kom fram hugmynd um að gera ráð fyrir styrkjum að upphæð kr.137 þús. í stað þess að hækka framlög sveitafélaga frá fyrri tillögu. Svo breytt var breytingartillagan samþykkt og fjárhagsáætlun samþykkt í þessu lítilla breyttu formi. Vísað er til áætlunarinnar hér á eftir.
3. Safnstjóri gerði grein fyrir starfsemi safnsins 1995 og fyrir hugaðri starfsemi 1996. Stefnt er að málþingi um málefni safnsins í lok mars eða þá í tengslum við opnun þess sem komið hefur til orða að verði um hvítasunnuna.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17,50.

Magnús Þorsteinsson –fundarritari-

Sig. Blöndal, Sigurjón Bjarnason, Þórarinn Ragnarsson,

Steinunn Kristjánsdóttir, Þórey Hannesdóttir,

Sævar Sigbjarnarson.

Árið 1996, föstudaginn 10. maí var haldinn fundur í stjórn Min. Aust. í Valaskjálfi kl. 17,50. Allir stjórnarmenn mættir í þetta sinn. Fyrir var tekið.

1. Formleg opnun safnsins:
Ákveðið að opna safnið formlega á annan í hvítasunnu 27. maí kl. 14,00. Til opunarinnar verður boðið sérstaklega og safnið opnað almenningi daginn eftir. Lögð á ráðin um gestalista við opnunina, svo og veitingar.
2. Dagskrá:
Hugað að dagskráratriðum. Rætt um að hafa þau eitthvað á þessa leið.
 1. Ávarp formanns.
 2. Framkvæmdastjóri kynnir dagskrá.
 3. Ræður: Þjóðminjavarðar.
Formaður þjóðminjaráðs
Hjörleifur Guttormsson
4. Lýsing bygginga Guðmundur Magnússon
5. Ávörp gesta.
6. Framkvæmdastjóri lýsir safninu, býður upp á veitingar og skoðun safnsins og slítur dagskránni.
Tónlistaratriði milli dagskrárliða.
Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19,20.
Þórey Hannesdóttir, Magnús Þorsteinsson – fundaritari-
Steinunn Kristjánsdóttir, Erlendur Steinþórsson

Árið 1996, föstudaginn 27.sept. kom stjórn Min-Aust. saman til fundar í skrifstofu safnsins kl.11,00. Allir stjórnarmenn mættir ásamt safnstjóra.

Fyrir var tekið:

1. Drög að fjárhagsáætlun 1997. Í byrjun gerði safnstjóri grein fyrir stærstu kostnaðarliðun við rekstur safnsins á árinu 1996.

Ljóst er að launakostnaður vegna uppsetninga og opnunar safnsins er verulega hærri en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir. Uppsetning á kumli Skriðdælingsins kostaði líka verulega fjármuni, sem ekki var gert ráð fyrir. Að hluta kemur hér á móti að aðgangseyrir nam 600-700, þús. kr. Í stað 300 þús. á fjárhagsáætlun.

Talið var nauðsýnlegt að áður en hafist væri handa við drög að fjárhagsáætlun þá lægju fyrir bráðabirgðatölur úr bókhaldi safnsins á árinu.

Stefnt að næsta stjórnarfundum eftir viku.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12, 30.

Erlendur Steinþórsson, Magnús Þorsteinsson –fundaritari-

Steinunn Kristjánsdóttir, Þórey Hannesdóttir

Árið 1996, þriðjudaginn 15. okt. var stjórnarfundur í Min-Aust. sem hófst kl.13,15. Mætt voru Þórey og Magnús ásamt safnstjóra og Sigurjóni Bjarnasyni, sem unnið hafði í bókhaldi safnsins fyrir árið 1996. Þetta gerðist á fundinum:

1. Safnstjóri og Sigurjón lögðu fram og skýrðu bráðabirgðatölur úr bókhaldi. Rætt um fjárhagsáætlun 1997 en ekki lokið. Lögð á ráð um framhaldið. Fleira ekki gert í bili. Fundi slitið kl. 14,50.

Magnús Þorsteinsson –fundaritari- Steinunn Kristjánsdóttir,
Sigurjón Bjarnason, Þórey Hannesdóttir

Árið 1996, fimmtudagurinn 31. október, var haldinn stjórnarfundur Minjasafns Austurlands hjá formanni stjórnar í Fellabæ. Fundurinn hófst kl. 15,30 en mættir voru. Erlendur Steinþórsson, Þórey Hannesdóttir, og Steinunn Kristjánsdóttir. Magnús Þorsteinsson var fjarverandi vegna ófærðar. En var þó í símasambandi við fundarmenn.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Samþykkt að leggja fram fyrirleggjandi drög að fjárhagsáætlun fyrir fulltrúaráðsfund þann 16. nóvember, 1996. kl. 14.
2. Atvinnuleysistryggingasjóður hefur samþykkt að styrkja safnið með
3. launaframlagi fyrir þrjá starfsmenn í sex mánuði.

Ákveðið að hefja verkefnið um næstu áramót.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17,00

Steinunn Kristjánsdóttir, fundaritari

Erlendur Steinþórsson

Þórey Hannesdóttir

Fundargerð

Aðalfundur Minjasafns Austurlands hafði verið boðaður þann 16.nóv. kl 14,00
Kl. 14,11. þann dag voru mætt í húsnæði safnsins eftirtalin: Þórey Hannesdóttir
Magnús Þorsteinsson, Hákon Aðalsteinsson og Sigurjón Bjarnason auk safnstjóra,
Steinunnar Kristjánsdóttur. Forföll hafði boðað Sigurður Blöndal

Fyrirliggjandi gögn voru ársreikningur, ársskýrsla og drög að fjárhagsáætlun 1997.
Málefni safnsins voru rædd óformlega. Ljóst er að vegna litilla fundasóknar er
Fundurinn ólögmetur og ekki hægt að afgreiða ársreikninga, fjárhagsáætlun, né að
velja nýja stjórn. Fundarmenn lýstu áhyggjum sínum yfir því hversu kjörnir fulltrúar
sveitafélaga rækta illa skyldur sínar gagnvart safninu, en fundarboð var sent þeim
þann 1. nóv. sl. Og ítrekun 11/11. Mættum stjórnarmönnum var falið að boða til
stjórnarfundar þar sem ákveða skuli nýja dagsetningu aðildarfélaga.
Sigurjón Bjarnason, Magnús Þorsteinsson,
Hákon Aðalsteinsson, Þórey Hannesdóttir

Árið 1996, laugardaginn 16. nóv. kl. 17,15.

Var haldinn stjórnarfundur í Min-Aust. Mættu allir stjórnarmenn og safnstjóri.

Fyrir var tekið:

1. Bréf bæjarráðs Egilsstaðabæjar dags. 13.nóv. þar sem lýst er óánægju með útgjöld umfram áætlun Min-Aust. á yfirstandandi ári. Mælt er til þess að safnstjóri endurskoði tillögu að fjárhagsáætlun 1997 með það fyrir augum að lækka útgjöld. Eftir ítarlega umræðu um bréfið samþykkti stjórnin eftirfarandi bókun. Stjórninni þykir miður að líkur skuli vera á verulegum rekstrarhalla á þessu ári en vísar til skýringa með drögum að fjárhagsáætlun 1997. Við gerð fjárhagsáætlunar 1997 hefur ýtrasta aðhalds verið gætt og sér stjórnin ekki leiðir til lækkunar aðra en þá að dreifa greiðslum á hallanum 1996 á fleiri ár ef það þykir betri kostur. Þórey, Erlendur og Steinunn munu ræða við fulltrúa Egilsstaðabæjar.
2. Ákveðið að boða að nýju til aðalfundar þriðjudaginn 26. nóv. kl. 14,00 í safnahúsinu.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl.18,00.

Þórey Hannesdóttir, Magnús Þorsteinsson – fundaritari-
Steinunn Kristjánsdóttir Erlendur Steinþórsson

Aðalfundur Minjasafns Austurlands haldinn þriðjudaginn 26. nóvember 1996 kl.14,00
Mættir: Þórey Hannesdóttir, Magnús Þorsteinsson, Erlendur Steinþórsson
Steinunn Kristjánsdóttir, Heiða Reimarsdóttir, Gunnar Guttormsson,
Björgvin Geirsson, Sævar Sigbjarnarson, Hlíðar Eiríksson, Sigurður Blöndal,
Hákon Aðalsteinsson.

- Dagskrá: 1. Skýrsla stjórnar.
2. Afgreiðsla ársreikninga.
3. Afgreiðsla fjárhagsáætlunar.
4. Kjör stjórnar og varastjórnar.
5. Kjör endurskoðenda.
6. Önnur mál.

Formaður stjórnar Þórey Hannesdóttir, setti fund kl. 14:00 og gerði tillögu um Magnús Þorsteinsson sem fundarstjóra og Erlend Steinþórsson sem fundaritara.

Það var samþykkt. Fundurinn er löglegur skv. Samþ. Safnsins.

1. Fundarstjóri gaf Þóreyju orðið sem flutti skýrslu stjórnar. Jafnframt vísaði hún til Ársskýrslu safnsins sem fylgir með fundargögnum. Helstu verkefni stjórnar á liðnu starfsári voru ráðning forstöðumanns og í framhaldi af því að flytja safngripi í nýtt húsnæði ásamt, því að fá safnið viðurkennt af hálfu þjóðmálaráðs. Jafnframt var haldinn fulltrúaráðsfundur þar sem lögð var fram fjárhagsáætlun fyrir safnið fyrir árið 1996.
2. Steinunn útskýrði ársreikning fyrir árið 1995. Fundarstjóri bar reikninga upp til samþykktar og var hann samþ. einróma.
3. Steinunn lagði fram fjárhagsáætlun fyrir árið 1997. Gert er ráð fyrir framlögum sveitafélaga að upphæð kr.2.800.000- sem er breitt frá fyrra ári, að viðbættum kr. 610.000,- v/ atvinnuátaks fyrir framlag úr atvinnuleysistryggingasjóði. Aðrar tekjur,, Styrkir ,framlag atvinnuleysistryggingasjóðs, aðgangseyrir og framlög ríkis v/ launa safnstjóra eru áætlaðar kr. 3.410.000.- Tekjur áætlaðar samtals kr. 7.160.000. Jafnframt er gert ráð fyrir framlagi sveitastjórna upp á kr. 550.000.- á árinu 1997 of fyrirsjáanlegs halla á árinu 1996. Opnun og uppsetning safnsins var mun dýrari en áætlun gerði ráð fyrir og margvísleg ófyrirséð útgjöld komu til. Helstu gjöld eru laun og launatengd gjöld ásamt rekstri fasteigna. Gjöld áætluð samt. Kr. 7.160.000. Jafnframt kom neitun í ágúst mánuði sl. Frá Menntamálaráðneyti fyrir styrk v/ innréttunga í sýningasal. Áður hafði komið munnlegt loforð án tilgreindrar upphæðar. Tilgreind ástæða ráðneytis var sú að safnið hefði fengið það há framlög úr ríkissjóði í formi framlaga til bygginganefndar safnahúss að ekki væri hægt að auka við framlög til safnsins.

Hákon Aðalsteinson upplýsti að hann hefði hitt að máli Björn Bjarnason menntamálaráðherra og Arnbjörgu Sveinsdóttur alþingismann, og fór fram á leiðréttingu mála safnsins hjá ráðneytinu. Arnbjörg tók að sér að vinna í málinu fyrir hönd safnsins.

Jafnframt upplýsti Steinunn að kostnaður v/ beinagreiningar á beinum úr Þórudalskumlinu hafi fallið á safnið að upphæð kr. 95.000.-

Annar kostnaður v/ fundar kumlsins, t.d. eins og ferðakostnaður og vinna er þá ótalinn.

Sigurður Blöndal var ósáttur bókun bæjaráðs Egilsstaðabæjar frá 12. nóvember s.l. þar sem farið er fram á að drög að fjárhagsáætlun verði endurskoðuð með lækkuun í huga. Sigurður taldi ekki óeðlilegt að erfitt hefði reynst að áætla með mikilli nákvæmni kostnað við opnun safnsins og fyrsta starfsár. Magnús og Sævar töldu ekki óeðlilegt að fulltrúar

aðildarsveitafélaga væru ekki ánægðir með kostnað umfram áætlun en væru að öðru leyti ánægðir með gefnar skýringar á hallanum og gott. Sævar taldi að mikið verk hefði verið unnið á fyrsta starfári safnsins. Gunnar þakkaði stjórn og safnstjóra gott starf og taldi fjárhagsáætlun gæta ýtrasta aðhalds. Hákon upplýsti að hægt væri sækja um framlag frá ... Íslands eftir áramótin að upphæð30.-50. þús. kr.

Hákon hefur haft samband við umboðsaðila International dráttavéla sem er mjög áhugasamur um uppgerða gamla dráttarvél af þessari gerð í eigu safnsins. Umboðið vill fá formlegt erindi frá safninu um hugsanlegan styrk v/ vinnu við að koma áðurnefndi dráttavél í gott ástand. Steinunn er falið að fylgja málinu eftir.

Fundarstjóri ber upp fjárhagsáætlun til samþykktar. Fjárhagsáætlun var samþykkt einróma eins og hún liggur fyrir.

4. Fram kom tillaga um sömu stjórn og áður: Magnús Þorsteinsson, Þórey Hannesdóttir, Erlendur Steinþórsson
Tillagan var borin upp og samþykkt einróma.
Fram kom tillaga um Hákon Aðalsteinsson og Sævar Sigbjarnarson í varastjórn.
Tillagan var borin upp og samþykkt einróma.
5. Fram kom tillaga um KPMG Endurskoðun hf. Egilsstöðum sem endurskoðanda.
Tillagan var samþykkt einróma.
6. Önnur mál:
 - a) Steinunn gerði stutta grein fyrir starfseminni á liðnu sumri. Boðið var upp á nokkrar skoðunarferðir um Egilsstaði og nágrenni, en um 4000 gestir heimsóttu safnið í sumar. Fjölmargir einstaklingar stofnanir og fyrirtæki hafa styrkt safnið með vinnuframlagi, gjöfum og styrkjum. Þá hafa borist á sjöunda hundrað safngripa til safnsins eftir að það opnaði. Þá fékk safnið 600 þús. kr. styrk til fornleifarannsóknna frá Rannsóknaráð Íslands (Rannís)
 - b) Sævar vakti athygli á áfangaskýrslu um fornleifaskráningar í Hjaltastaðapínghá unna á vegum Fornleifastofnunar Íslands.
 - c) Samkv. samþ. safnsins á að endurskoða samningin um rekstur Minjasafns Austurlands innan tveggja ára frá gildistöku hans, sem var þ. 1. janúar 1995. Stungið var upp á Magnúsi Þorsteinssyni, Sigurjóni Bjarnasyni og Sævari Sigbjarnasyni ásamt safnstjóra í endurskoðunarnefnd. Samþ.einróma.
 - d) Sigurður vakti máls á þeirri hugmynd að nýta mætti skemmu í Vémörk í Selskógi undir t.d. búvélasafn. Steinunni falið að vinna að málinu,

Fundarstjóri þakkaði mönnum góðan fund og sleit fundi kl.16:45.

Magnús Þorsteinsson –fundarstjóri-
Erlendur Steinþórsson fundarritari.
Sævar Sigbjarnarson, Steinunn Kristjánsdóttir,
Þórey Hannesdóttir, Gunnar A Guttormsson,
Hlíðar Eiríksson, Heiða Reimarsdóttir,
Hákon Aðalsteinsson, Sig. Blöndal

Árið 1997, föstudaginn 28. febrúar var haldinn fundur í stjórn Min-Aust. sem hófst kl 13,30 á skrifstofu safnsins.

Fyrir var tekið:

1. Stjórnin skipti með sér verkum með þeim hætti að Þórey verður formaður sem áður, Erlendur varaformaður og Magnús ritari.
2. Ársreikningur 1996.

Steinunn safnstjóri lagði fram reikninginn og skýrði hann.

Rekstrarhalli varð kr.1.761.328, sem skýrist að mestu með hærri launakostnaði en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir.

Veldur þar mestu mikil vinna við flutning og uppsetningu safnsins.

Stjórnin samþykkti ársreikninginn og staðfesti hann með undirskriftum.

3. Stjórnin lagði áherslu á að safnstjóri og reikniskaldari færðu upp bókhald Á eins til tveggja mánaða fresti og fylgdust sem best með fjármálum safnsins.

4. Safnstjóri lagði fram skýrslu um fornleyfakönnun á sjö fornum rústum á Héraði.

Þá greindi hann frá styrkveitingu Rannsóknaráðs Íslands kr. 900 þús. til að rannsaka ítarlega rústir á Geirastöðum í landi Litla- Bakka.

Fyrirhugað er að hefja rannsóknina í júní. Von er á styrkjum frá Rannsóknaráði

Til þessa verkefnis næstu árin.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 15,00

Magnús Þorsteinsson –fundaritari-

Erlendur Steinþórsson

Þórey Hannesdóttir, Steinunn Kristjánsdóttir

Árið 1997, fimmtudagurinn 5. júní var haldin stjórnarfundur í Minjasafni Austurlands sem hófst kl 13,15 á skrifstofu safnsins. Allir stjórnarmenn mættir ásamt safnstjóra.

Fyrir var tekið:

1. Fjármál safnsins.

Nú er nokkuð tryggt að styrkur sem von hefur verið í síðasta árið, frá Menntamálaráðneytinu fæst á næstunni. Upphæð er ekki ákveðin en ætti að vera minnst 300 þús. Einnig liggur fyrir styrkveiting frá Þjóðhátíðasjóði 150 þús. til viðgerða á gömlum munum. Rætt um viðgerðakostnað á dráttavél Frá Guðmari á Hóli. Stjórnin lagði á ráð um lausn á því máli. Líkur eru á að fjármál safnsins séu í svipuðu horfi og fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir.

2. Sumarstarf starfsmanns.

Í sumar verður safnið ekki opið á mánudögum en starfsemin að öðru leyti í svipuðu horfi og í fyrra. Sérýning er þó vegna afmælis Egilsstaðabæjar. Atvinnuverkefninu er að ljúka og er að mestu búið að skrá gripi, sem eru hátt á fimmta þúsund. Yfir hásumarið verða tveir starfsmenn í hálfu öðru starfi auk safnstjóra og lítilsháttar eftirstöðva atvinnuverkefnis.

3. Fornleifarannsóknir:

Í næstu viku hefjast rannsóknir og uppgröftur í landi Litla-Bakka í Hróarstungu, sem verður fram haldið á rannsókn sem hafin var í fyrra. Til verkefnisins hafa fengist styrkir frá Rannís auk þess sem Leonardo-styrkþegi mun koma að verkinu í einn mánuð.

Hluta af styrk Rannís var ætlað að standa undir launum safnstjóra en ekki er víst að það takist að fullu. Aðrir styrkir munu þó brúa það bil að mestu.

4. Safnstjóri greindi frá breytingum á persónulegum högum sínum sem líklega munu leiða til þess að hún hætti störfum við safnið með haustinu. Þó e.t.v. tímabundið.

Stjórnin ræddi ýmsar leiðir í stöðunni þ.á.m. möguleika á launalausum leyfi safnstjóra. Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15,20.

Magnús Þorsteinsson – fundaritari-

Erlendur Steinþórsson

Steinunn Kristjánsdóttir

Þórey Hannesdóttir

Árið 1997, sunnudaginn 25. ágúst, var haldinn fundur í stjórn Minjasafns Austurlands í safnahúsinu Egilsstöðum, sem hófst kl.18,10.

Fyrir var tekið:

1. Safnstjóri:
Samkomulag varð milli stjórnar og safnstjóra um að safnstjóri færi nú í launalaust leyfi en komi aftur til starfa við safnið í maí næsta ár og starfi við safnið næsta sumar ásamt vinnu við fornleyfarannsóknir , sem tengdar verða safninu áfram.
2. Afleysing vegna safnstjóra:
Ákveðið að auglýsa eftir starfsmanni til að leysa starfsfólk af næstu átta mánuði:
3. Fjármál:
Æskilegt var talið að gera verði bráðabirgðauppgjör í næsta mánuði fyrir fyrstu átta mánuði ársins, sem leggja mætti fram á aðalfundi:
Safnstjóri telur að fjárhagstaða safnsins sé að mestu í samræmi við fjárhagsáætlun.
Erlendur ætlar að huga að uppgjöri vegna þilja í sýningasal.
4. Stjórn Minjasafnsins færði Steinunni safnstjóra bestun þakkir fyrir Störf hennar við safnið til þessa.
Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19,20
Erlendur Steinþórsson Magnús Þorsteinsson – fundaritari-
Þórey Hannesdóttir Steinunn Kristjánsdóttir

Símafundargerðir

16. september 1997 var haldinn símafundur í stjórn Minjasafns Austurlands. Fjallað var um umsóknir um tímabundið starf forstöðumanns safnsins frá eftirtöldum sex umsækjendum:

Agnesi Stefánsdóttur fornleifafræðingi Reykjavík

Grétu Sigurðardóttur grafíklistamanni Egilsstöðum

Hansínu Ingólfssdóttur listfræðingi Reykjavík

Jóhönnu Bergmann mannfræðingi Reykjavík

Ólöfu Guðmundsdóttur

Stjórnarmenn urðu ásáttir um að í byrjun mundi formaður ræða við tvo umsækjendur, Agnesi og Jóhönnu til að kanna viðhorf þeirra til starfsins, óskir um aðstoð við húsnæðisöflun ef einhverjar væru o.m. fl.

26. september 1997 var haldinn símafundur í stjórn Minjasafns Austurlands.

Stjórn samþykkti að ganga til samninga við Jóhönnu Bergmann um tímabundið starf forstöðumanns safnsins til næsta vors. (15.eða 31.)

Ekki er gert ráð fyrir fastri yfirvinnu.

Rætt um óskir Grétu Sigurðardóttur, sem er í 75% starfi við safnið,

um bætt starfskjör. Stjórnin ákvað að bjóða Grétu að færa starf hennar niður

í 65% á óbreyttum launum, sem mundi jafngilda 15% launahækkun,

og einhverja hagræðingu á vinnutíma í samráði við verðandi forstöðumann safnsins.

Árið 1997 þriðjudaginn 4. nóv. var haldinn stjórnarfundur í Minjasafni Austurlands, sem hófst kl. 15,30 í húsnæði safnsins. Mættir voru stjórnarmenn ásamt Jóhönnu Bergmann, sem ráðin hefur verið safnstjóri í fjarveru Steinunnar Kristjánsdóttur.

Fyrir var tekið:

1. Bráðabirgðauppgjör:
Lagt fram bráðabirgðauppgjör 31. ágúst. Samkvæmt því eru gjöld umfram tekjur tæpl. 300 þús. Samanburður við fjárhagsáætlun bendir til að reksturinn á árinu verði lítið eitt erfiðari en gert var ráð fyrir og munar þar mestu að tekjur af minjagripasölu ná ekki áætlun.
2. Ráðningasamningar:
Jóhanna mun taka laun samkvæmt sama launaflokki og þrepi og Steinunn. Upphaf ráðningartíma var 1. okt. 1997 og lok 31. maí 1998. Unnin yfirvinna verður greidd skv. kjarasamningi. Gerður verður ráðningarsamningur við Grétu Sigurðardóttur um 60% starf hennar við safnið. Launataxti hennar var ákveðinn.
3. Dráttarvél:
Guðmar á Hóli hefur falið lögfræðingi að innheimta reikning sinn vegna viðgerða á dráttarvél sbr. fundargerð 5. júní s.l. Stjórn lagði enn á ný á ráð um lausn á þessu máli, sem safnstjóra Var falið að vinna að.
4. Aðalfundur:
Safnstjóri og bókhaldari munu fara að vinna að drögum að fjárhagsáætlun í samvinnu við stjórnarmenn. Stefnt að aðalfundi í nóvemberlok.
5. Endurskoðunarnefnd:
Nefnd sem kosin var á síðasta aðalfundi hefur leitað eftir tillögum aðildarsveitarfélaganna um breytingar á samþykktum safnsins. Engar breytingartillögur bárust. Með tilliti til þess og að vegna samruna sveitafélaga liggur fyrir að endurskoða þarf samþykktina á næsta ári sér stjórnin fyrir sitt leiti ekki ástæðu til frekari vinnu í málinu.
6. Erlendur gerði grein fyrir viðleitni sinni til þess að þil í sýningarsal samþykkt sem byggingakostnað hússins.
7. Bréf Héraðsskjalasafnsins:
Safnstjórinn fer þess á leit að eignaraðilar ljósmyndasafnsins taki allir þátt í kostnaði við skrásetningu þess. Stjórnin telur að ekki verði undan því vikist lengur að kosta þriðjung þátttöku Minjasafnsins í ljósmyndasafninu, sem mundi verða um 175.000 krónur á næsta ári. Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 18,15
Magnús Þorsteinsson –fundaritari-
Jóhanna Bergmann
Þórey Hannesdóttir
Erlendur Steinþórsson

Árið 1997, fimmtudagurinn 13. nóv. var haldinn stjórnarfundur í Min.-Aust, sem hófst kl. 17,15. Mættir stjórnarmenn og safnstjóri. Þetta gerðist á fundinum.

1. Drög að fjárhagsáætlun:

Lagt fram drög að fjárhagsáætlun 1998, sem safnstjóri hafði gert í samráði við bókhaldara safnsins.

Stjórnin fjallaði ítarlega um drögin og varð sammála um tillögu að fjárhagsáætlun, sem send verður sveitafélögum og fulltrúaráðum með aðalfundarboði.

2. Aðalfundur:

Ákveðið að boða til aðalfundar Minjasafnsins fimmtudaginn 27.nóv. Kl. 16,00 í húsnæði safnsins.

3. Dráttarvél:

Ekki hafa orðið lyktir þessa máls í samræmi við tillögu stjórnar sbr. síðustu fundargerð.

4. Undirritaður starfsamningur safnstjóra.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 19,20

Þórey Hannesdóttir Magnús Þorsteinsson –fundaritari-
Erlendur Steinþórsson Jóhanna Bergmann

Aðalfundur Minjasafns Austurlands haldin fimmtudaginn 27. nóvember 1997 kl. 16,00.

Mættir: Erlendur Steinþórsson, Magnús Þorsteinsson,
Þórey Hannesdóttir, Heiða Reimarsdóttir, Guðmar Ragnarsson, Sigurður Blöndal,
Hákon Aðalsteinsson, Jóhanna Bergmann.

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar
2. Afgreiðsla ársreikninga
3. Afgreiðsla fjárhagsáætlunar
4. Kjör stjórnar og varastjórnar
5. Kjör endurskoðanda
6. Önnur mál

Formaður stjórnar, Þórey Hannesdóttir, setti sund kl. 16,10 og gerði tillögu um Magnús Þorsteinsson sem fundarstjóra og Erlend Steinþórsson sem fundaritari. Samþykkt samhljóða. Fundurinn er löglegur þar sem fulltrúar með 16 atkvæði Af 20 væru mættir.

1. Formaður flutti skýrslu stjórnar.

Unnið var af fornleifa uppgrefti í sumar á Héraði undir stjórn Steinunnar Kristjánsdóttur safnstjóra. Til þess fékkst styrkur frá Rannís. Steinunn fór í október sl. í launalaust Leyfi til vors 1998 en sem safnstjóri hefur verið ráðinn Jóhanna Bergmann Til sama tíma. Þá gerði Þórey grein fyrir starfi húsráðs, sem samanstendur af formönnum stjórna safnana þriggja og forstöðumanna, en húsráð fer með ýmisleg sameiginleg mál Safnahússins. Brýnast málið er að mati formanns stjórnar, að knýja á um að bygginganefnd ljúki störfum og skili af sér og afhendi afsal þar sem starfsemin er löngu hafin í húsinu. Jafnframt er brýnt að komast fyrir leka á þaki yfir geymslu safnsins.

2. Magnús Þorsteinsson skýrði ársreikninga 1996

Heildarútgjöld umfram tekjur námu u.þ.b.1760, þús. Mun hærri kostnaður v/ opunar safnsins og vinna við uppsetningu þess er aðalástæðan. Þessum halla hefur verið mætt með skuldabréfi til þriggja ára.

Ársreikningurinn borinn upp og samþykktur einróma.

3. Jóhanna lagði fram og skýrði fjárhagsáætlun fyrir 1998.

Framlög sveitafélaga eru áætluð 3.410 þús. og aðrar tekjur 3.170 þús. eða samtals Kr. 6.580. þús. Áætluð gjöld eru 6.580 þús. kr. Og hæst þar launaliður kr. 3.185 þús. Og önnur gjöld kr. 3395 þús. Þá tekur Minjasafnið þátt í rekstri Ljósmyndasafns sem eignaraðili að 1/3 hluta að upphæð kr. 175000.

Jafnframt var lögð fram áætlun um rekstur safnsins til áramóta 1997 -1998 og er rekstur að mestu skv. áætlun yfirstandi árs en þó er fyrirsjáanlegur halli u.þ.b. 280. þús. aðallega v/ minni sölu minjagripa.

Fjárhagsáætlun borin upp og samþykkt einróma.

4. Tillaga gerð um sömu stjórn þ.e. Þórey Hannesdóttir, Magnús Þorsteinsson, Og Erlendur Steinþórsson.

Samþykkt einróma.

Tillaga gerð um Sævar Sigbjarnarson og Hákon Aðalsteinsson í varastjórn Samþykkt einróma.

5. . Tillaga gerð um K.P.M.G. Endurskoðun Egilsstöðum.

Samþykkt einróma.

Önnur mál.

6. a) Magnús gerði grein fyrir störfum endurskoðunarnefndar sbr. samþykkt síðasta Aðalfundar. Skv. samþykktum safnsins á að endurskoða samþykktir safnsins.

Nefndin skrifaði aðildarsveitarfélögunum og leitaði eftir ábendingum eða athugasemdum um samþykktir safnsins. Engar ábendingar bárust. Nefndin ákvað að aðhafast ekki frekar í málinu enda ljóst að endurskoða þarf samstarfssamninga um rekstur safnsins vegna fyrirsjáanlegs samruna ýmissa aðildarsveitafélaga.

b) Guðmar Ragnarsson gerði grein fyrir reikningum v/ viðgerðar á dráttarvél sem hann gaf safninu en Þórey gerði grein fyrir málinu af hálfu safnsins.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:40.

Erlendur Steinþórsson fundaritari

Magnús Þorsteinsson – fundarstjóri-

Árið 1998, miðvikudaginn 18. febrúar var haldinn stjórnarfundur í Minjasafni Austurlands, sem hófst kl. 14,10 í sýningarsal safnsins. Aldursforseti Magnús Þorsteinsson setti fund og bauð aðra stjórnarmenn velkomna svo og varastjórnarmenn Sævar Sigbjarnarson og safnstjóra Jóhönnu Bergmann.

Fyrir var tekið:

1. Verkaskipting stjórnar:
Formaður Þórey Hannesdóttir
Varaformaður Erlendur Steinþórsson
Ritari Magnús Þorsteinsson
Nýkjörin formaður tók nú við fundarstjórn.
2. Nýr Kjarasamningur. Félag íslenskra fræða var nú tekinn til skoðunar með starfskjör safnstjóra í huga. Nýi samningurinn hefur að markmiði að taka fasta yfirvinnu og bílastyrk inn í samninginn. Fundin var samsvörun við nýja samninginn miðað við núverandi starfskjör safnstjóra og þá reiknað með að yfirvinna hefði varið 10 klst. á mánuði og telur Jóhanna þá laun samkvæmt ramma c fyrsta þrepi (launaflokkur 32), og er þá ekki reiknað með að yfirvinna sé að jafnaði unnin.
3. Skuldaskil:
Safnstjóri greindi frá því að gert hafði verið upp skuld við Guðmar Ragnarsson með eingreiðslu kr. 150 þúsund. Þá var rætt um 150 þús. skuld við Safnastofnun Austurlands vegna launa Guðrúnar Kristinsdóttur áður en Steinunn safnstjóri tók til starfa. Greiða verður þennan reikning hið fyrsta). Bygginganefnd safnahússins hefur nú greitt reikning KHB vegna þilja í sýningarsal.
4. Fjárreiður safnsins:
Safnstjóri skýrði frá fjárreiðum safnsins, sem eru í nokkuð góðu lagi. Keypt hefur varið bókhaldsforrit og færir safnstjóri bókhaldið nú í tölvu safnsins en Endurskoðun hf. mun gera ársreikninginn, sem oftast.
5. Erindi um Skriðuklausturshjalla um sýningarhald á Skriðuklaustri, sem vísað er til Min- Aust. frá Menningarsjóði Héraðssvæðis. Óvíst er um framhald á þessu verkefni og það því ekki rætt frekar. Þá var greint frá óformlegri málaleitan stjórnar Gunnarshús að Minjasafn Austurlands komi að sýningahaldi á Skriðuklaustri. Stjórnin er samþykkt því að safnstjóri leggi fram vinnu við þetta verkefni og sýningarmuni eftir atvikum.
Reikningur þessi er innifalinn í skammtímaskuldum í ársreikningi.
6. Rannsóknir:
Fengist hefur loforð um verulegan fjárstyrk frá Evrópuráðsins til að kosta rannsóknir og varðveislu fornra timburbygginga í sjö Evrópulöndum. Minjasafn Austurlands mun eiga aðild að þessu verkefni vegna fornleifarannsókna að Geirastöðum.
Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 16,30.
Erlendur Steinþórsson Magnús Þorsteinsson –fundaritari-
Jóhanna Bergmann Þórey Hannesdóttir

Árið 1998, föstudagurinn 27. mars, kom stjórn Minjasafns Austurlands saman til fundar kl 14,30.

Allir stjórnarmenn mættir ásamt safnstjóra.

Fyrir var tekið:

1. Ársreikningur 1997.
Safnstjóri lagði fram og skýrði ársreikning 1997.
Rekstrarafgangur ársins var kr. 267.985. Þá vantar um 200 þús. til þess að reksturinn standi undir afborgun af þriggja ára skuldabréfi eins og fjárhagsáætlun ætlaðist til.
2. Styrkveitingar:
Rannsóknaráð Íslands hefur veitt 1.500 þús. kr. Framhaldsstyrk til verkefnisins Mörk heiðni og Kristni sem er í umsjón Steinunnar Kristjánsdóttur
3. Starfsmannamál:
Málin rædd talsvert einkum starf safnstjóra, en varð ekki útrætt og fundi því frestað kl. 17,00.

Fimmtudaginn 11.júní kl. 13,00 var fundi framhaldið en starfsmannamál höfðu verið rædd óformlega á milli funda. Gert er ráð fyrir að Steinunn verði í verði í starfi samtals í einn mánuð við safnið í sumar. Gréta er í 50% starfi allt árið og Katrín Sigurbjörnsdóttir í 75% Starfi í þrjá mánuði.

Til umræðu er að ráða Jóhönnu til framtíðarstarfa við safnið en launakjör hennar ekki full rædd að þessu sinni.

Stefnt að því að fá niðurstöðu í málið í næstu viku.

4. Rannsóknir á vegum safnsins:
Mörk heiðni og kristni er þriggja ára verkefni, sem fyrst fékkst Rannsóknastyrkur til 1997 að upphæð kr. 900 þús. mótframlag Min.-Aust. 1997 fólst í vinnu Steinunnar í þrjá mánuði. Leonardo styrkur Evrópusambandsins 1997 fólst í sex vikna starfi skorts fornleifafræðings ásamt ferðakostnaði hans. Styrkveiting Rannís 1998 var 1,500 þús. enda verkefnið nú tengt Evrópusambandinu gegnum Leonardo.
Leitað var eftir því að Min.-Aust. sækti um Rafael styrk til Evrópusambandsins Ásamt sjö öðrum aðilum í öðrum löndum til varðveislu og endurbyggingar gamalla bygginga úr víði.
Helmings mótframlag heimaðila telst lagt fram með Rannís styrknum og nokkur vinnuframlag á vegum Min.-Aust. og því ekki um peningaframlag safnsins að ræða. Framlag Rafael í ár felst í starfi sex fornleifafræðinga í sex vikur við uppgröft á kirkjurúst í Seyðisfirði.
Næsta sumar er fyrirhugað bygging kirkju og bæjarhúsa í fornum stíl Á Geirastöðum í Tungu. Samstarfsverkefni þetta hófst í maí 1998 Og mun ljúka í júní 2000 og verður þá gefinn út geisladiskur og handbók um verkefnið.
5. Lagt fram og rætt bréf Þjóðminjasafnsins um sýningarhald vegna kristnihátíða í prófastsdæminu árið 1999.
Ljóst er að kostnaður við slíkt sýningarhald er Min.-Aust.ofviða. Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 16,00
Erlendur Steinþórsson Magnús Þorsteinsson –fundaritari-
Þórey Hannesdóttir Steinunn Kristjánsdóttir
Jóhanna Bergmann

Minjasafn Austurlands – Fundargerðir – 14. mars 1995 til 15. maí 2008

Árið 1998, miðvikudagurinn 16. sept. var haldinn fundur í stjórn Minjasafns Austurlands, sem hófst kl. 10,15 á skrifstofu safnsins. Fyrir var tekið:

1. Ráðningasamningur safnstjóra.
Gengið var frá ráðningasamningi Jóhönnu Bergmann, sem safnstjóra Minjasafnsins frá 1.júní s.l.
2. Rannsóknasvið:
Stjórnin telur að við endurskoðun á stofnsamningi (samstarfsamningi) safnsins verði sett inn heimild til að starfrækja rannsóknasvið við safnið eins og hefur verið í raun s.l. tvö ár undir forystu Steinunnar. Formanni og safnstjóra ásamt Steinunni falið að gera tillögu um skipulag rannsóknasviðsins.
3. Önnur mál:
Safnstjóri greindi frá því að aðsókn að safninu hefði verið helmingi minni í ár en í fyrra.
Sjö manns á vegum PARABOW verkefnisins eru væntanlegir um næstu helgi til nokkurra daga fundarhalda.
(PARABOW er samheiti yfir Leonardo, Rafael o.fl. aðila sem tengjast rannsóknarverkefnum)
Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 11,45
Erlendur Steinþórsson Magnús Þorsteinsson –fundaritari-
Þórey Hannesdóttir v/ Jóhanna Bergmann

Árið 1998, miðvikudagurinn 11. nóv. var haldinn fundur í stjórn Min-Aust, sem hófst kl. 17,00 í húsnæði safnsins. Allir stjórnarmenn mættir ásamt safnstjóra.

Fyrir var tekið:

1. Rekstrarreikningur og fjárhagsáætlun.
Framlagðar bráðabirgðatölur úr bókhaldi miðað við mán. mót okt/ nóv. 1998 og tillaga að fjárhagsáætlun 1999. Rekstur safnsins stefnir í að vera í samræmi við fjárhagsáætlun á árinu. Safnstjóri lagði fram drög að fjárhagsáætlun 1999, sem stjórnin smá breytingar á og samþykkti síðan.
Tillaga að fjárhagsáætlun verður send aðildarsveitafélögum hið fyrsta.
2. Aðalfundur:
Nefnd sem oddvitsamstarfið skipaði til þess að gera tillögu um breytingar á Stofnsamningi Minjasafnsins mun leggja fram tillögu sína fljótlega.
Þegar þær liggja fyrir verður boðað til aðalfundar fulltrúaráðsins.
3. Samþykkt að Steinunn Kristjánsdóttir hafi prókúruumboð fyrir safnið ásamt safnstjóra vegna rannsókna, sem Steinunn stýrir.
Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 18,00.

Þórey Hannesdóttir Magnús Þorsteinsson –fundaritari-
Erlendur Steinþórsson Jóhanna Bergmann

Árið 1999, föstudaginn 14. maí var haldinn fundur í stjórn Minjasafns Austurlands sem hófst kl 10,00 á skrifstofu safnsins.

Mætt voru Þórey, Magnús og Hákon varastjórnarmaður ásamt Jóhönnu safnstjóra.

Fyrir var tekið:

1. Skipulagsmál safnsins:

Þriggja manna nefnd á vegum oddvitasamstarfsins hefur endurskoðað samþykktir Minjasafnsins og leggur til ýmsar breytingar, sem oddvitafundur hefur fyrir sitt leyti lagt blessun sína yfir.

Tillögur að nýjum stofnsamningi verða sendar frá farandi fulltrúaráðsmönnum og teknar fyrir á aðalfundi fulltrúaráðsins Fyrir árið 1998, sem boðaður verður laugardaginn 5. júní kl 17,00 í Safnahúsinu.

2. Ársreikningur 1998:

Reksturinn stóð í járnum eins og að var stefnt. Stjórnin staðfesti og áritaði ársreikninginn.

3. Starfsmannamál:

Gréta sagði upp um áramót og hætti störfum 1. mars.

Pétur Sörenson hefur verið ráðinn að safninu frá 10 maí í 50% starf. Stjórnin samþykkti tillögu safnstjóra um byrjunarlaun Péturs, sem er grafískur hönnuður og ljósmyndari. Sumarstarfsmaður hefur ekki verið ráðinn enn en safnstjóri er að leita fyrir sér. Safnstjóri fer fram á launahækkun.

Verður í athugun fram að næsta stjórnarfundum.

4. Sumarstarfsemin:

Hestakerruferðir eru í athugun.

Silfursjóðurinn frá Miðhúsum verður í láni í fjóra mánuði frá Þjóðminjasafninu.

Munir frá uppgreftinum á Þórarinsstöðum verða til sýnis í kjallara.

Framhaldsrannsóknir á Þórarinsstöðum verða undir stjórn Steinunnar í sumar eins og áður.

Torfkirkja í Þjóðveldisaldarstíl verður reist á Geirsstöðum í Hróarstungu

Á vegum PARABOW samstarfsverkefnisins.

5. Formaður áskaði eftir að bókað yrði að aðeins eitt sveitafélag hefði kosið fulltrúa í fulltrúaráð safnsins eftir síðustu sveitastjórnarkosningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 12,30

Magnús Þorsteinsson –fundaritari-

Þórey Hannesdóttir Jóhanna Bergmann

Hákon Aðalsteinsson

Árið 1999, laugardaginn 5. júní kom stjórn Minjasafns Austurlands saman á fund kl 16,10 í safnahúsinu á Egilsstöðum.

Allir stjórnarmenn mættir ásamt safnstjóra.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Aðalfundur.

Rætt um málsmeðferð á aðalfundi sem halda á síðdegis.

Fundarstjóri verður tilnefndur Magnús Þorsteinsson og fundaritari Erlendur Steinþórsson.

2. Launahækkun safnstjóra.

Samþykkt að safnstjóri taki laun samkvæmt ramma c8 frá 1. júní 1999 enda miðist endurgreiðslur ríkisins við þann launaflokk að lágmarki.

Önnur ákvæði ráðningarsamnings Jóhönnu verði óbreytt.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

Magnús Þorsteinsson Erlendur Steinþórsson

Jóhanna Bergmann Þórey Hannesdóttir

Aðalfundur fulltrúaráðs Minjasafns Austurlands fyrir árið 1998

Haldin þann 5. júní 1999 kl. 17:00 í Safnahúsinu á Egilsstöðum.

Mættir: Magnús Þorsteinsson, Erlendur Steinþórsson,
Sævar Sigbjarnarson, Þórey Hannesdóttir
Guðný Zoega, Jóhanna Bergmann,
Hákon Aðalsteinsson og áheyrnarfulltrúi Hlíðarhrepps
Gylfi Hallgeirsson. Minjavörður Austurlands.

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Afgreiðsla ársreikninga fyrir árið 1997.
3. Afgreiðsla fjárhagsáætlunar.
4. Kjör stjórnar og varastjórnar.
5. Kjör endurskoðenda.
6. Afgreiðsla tillagna að nýjum stofnsamningi.
7. Önnur mál.

Formaður setti fund kl. 17:30.

Og bar fram tillögu um Magnús Þorsteinsson sem fundarstjóra

Og Erlend Steinþórsson sem fundaritari, Samþykkt.

Lögmæti fundarins: Fullmætt er skv. atkvæðamagni, en 5 fulltrúar

Eru mættir af 6 að lögum sem samþykktir kveða á um.

Samþ. að halda fundinn þrátt fyrir þetta enda geri aðildarsveitafélög

Ekki athugasemdir. Ekki náðist í fleiri fulltrúa þrátt fyrir tilraunir

Og þó boðað væri til fundarins með góðum fyrirvara.

1. Þórey flutti skýrslu stjórnar.

Um er að ræða aðalfund starfsársins 1997-1998 sem dregist hefur að halda v/ breytinga á samþykktum fyrir safnið í kjölfar sameininga sveitafélaga á starfssvæðinu.

Unnið var að fornleifarannsóknnum að Þórarinsstöðum undir stjórn Steinunnar Kristjánsdóttur fyrrv. safnstjóra.

Steinunn Kristjánsdóttir fór í launalaust leifi frá okt. 1997 til maíloka 1998 og var Jóhanna Bergmann ráðin sem safnstjóri í afleysingar þann tíma og fastráðin þann 1. júní 1998 að telja. Alls sóttu 6 um starfið.

Samþ. var að taka þátt að 1/3 hluta í rekstri Ljósmyndasafns Austurlands.

Bókhald safnsins er nú fært mánaðalega af safnstjóra en bókhaldið endurskoðað af bókhaldsstofu og reikningar settir þar upp.

2. Afgreiðsla ársreikninga.

Jóhanna fylgdi þeim úr hlaði. Flestir liðir reyndust enda skv. áætlun, Hvort sem tekjur eða útgjöld.

Niðurstaða varp 268 þús. kr. Tekjur umfram gjöld í stað 550 þús. kr. Skv. áætlun.

Ársreikningur samþ. samhljóða.

3. Afgreiðsla fjárhagsáætlunar.

Þórey hefur athugasemdir um að þessi fulltrúaráðsfundur hafi vald til að samþ. fyrirliggjandi fjárhagsáætlun þar sem kjörtímabili fulltrúaráðsins er strangt til tekið lokið.

Þó var samþykkt að taka fjárhagsáætlunina til afgreiðslu þar sem

hún er gerð af sitjandi safnstjóra, eftir henni hefur verið unnið til þessa tíma. Þá var hún kynnt á sl. ári aðildarsveitafélögum, og hafa þau greitt skv. henni gjöld sín.

Jóhanna fylgdi áætlun úr hlaði. Gert er ráð fyrir hallalausum rekstri. Miðað er við rannsókn að upphæð 1.000.000. í Seyðisfirði enda komi sama upphæð á móti í styrkjum.

Fjárhagsáætlun borin upp og samþykkt.

4. Samþykkt dagskrárbreyting að ósk fundarstjóra og tekin fyrir tillaga að nýjum samstarfssamningi. Magnús gerði grein fyrir tillögunni:

Á vegum oddvitasamstarfs á Héraði var að störfum nefnd sem endurskoðaði samninginn. Í henni sátu: Sveitastjóri Fellahrepps, bæjarstjóri Austur-Héraðs og oddviti Borgarfjarðar.

Oddvitafundur samþ. tillöguna fyrir sitt leiti og sendi fulltrúaráðinu til umfjöllunar. Tillagan í heild sinni liggur fyrir í meðf. uppkasti.

Skv. þessu er safninu heimilt að starfrækja rannsóknarsvið við safnið Og stjórn skipa 5 menn og jafnmargir til vara, verði tillagan samþykkt.

Það er tillaga Sævars að fella út orðið “sameiginlega” úr 1.grein tillögunnar.

Tillagan samþykkt einróma.

Þórey mótmælir því ákvæði í 3. og 6. grein að Austur-Hérað geti haft meirihluta í stjórn safnsins.

Sævar gagnrýndi að sveitastjórum sé í sjálfsvald sett hvort hver um sig kys aðeins einn fulltrúa án tillits til íbúafjölda.

Aðalfundur skal árlega kjósa fimm menn í stjórn og jafn marga til vara. Kjörgengir til stjórnarkjörs eru einn aðalfulltrúi frá hverju sveitafélagi Skv. 3. grein.

Að öðru leiti er 6. grein óbreitt.

Tillagan samþykkt með 14 samhljóða atkvæðum.

Tillagan um breytingar á samstarfssamningi með áorðnum breytingum borin upp og samþ. einróma með 15 atkvæðum.

5. Miðað við ákvæði til bráðabyrgða í tillögum um nýjan Samstarfssamning telur fundurinn ekki efni til að kjósa Stjórn og endurskoðendur.

6. Önnur mál engin.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.19,50.

Magnús Þorsteinsson –fundarstjóri-

Erlendur Steinþórsson fundaritari.

1999. föstudaginn 5 nóv. var haldinn fundur í stjórn Minjasafns Austurlands, Sem hófst kl 16,00 í kompu í kjallara. Mættir voru stjórnarmennirnir Þórey, Erlendur og Magnús ásamt safnstjóra.

Fyrir var tekið:

1. Fjárhagsáætlun 2000.
Lögð drög að fjárhagsáætlun, sem send verður aðildarsveitafélögum til kynningar ásamt ársreikningi 1998.
2. Fyrir liggur samþykkt allra aðildarsveitafélaganna á nýjum Samstarfssamningi um safnið. Samningurinn í endanlegu formi Verður nú sendur oddvitasamstarfi á Héraðssvæði til undirskriftar.
3. Safnstjóri greindi frá því sem framundan er í starfi safnsins. Margt er fyrirhugað og margar styrkbeiðnir í gangi.
Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 18,00
Magnús Þorsteinsson –fundaritari-
Þórey Hannesdóttir
Erlendur Steinþórsson
Jóhanna Bergmann

Árið 2000, miðvikudagurinn 29. mars var haldinn fundur í stjórn Minjasafns Austurlands, sem hófst kl 14,45 í skrifstofu safnsins. Mættir stjórnarmennirnir Þórey, Erlendur og Magnús ásamt safnstjóra.

Fyrir var tekið:

1. Fjárhagsstaða:

Safnstjóri gerði grein fyrir lokastöðu ársins 1999 en lokið er við að bókfæra en eftir að semja ársreikning. Rekstrarhalli stefnir í 560 þús. í stað þess að bati var áætl. 50 þús. Þeir liðir sem hafa farið framúr áætlun eru einkum laun og launatengd gjöld, raunkostnaði rekstrar, ... auglýsingar og Geirastaðaverkefnið.

2. Aðalfundur fyrir árið 1999: Ákveðið að boða til aðalfundarins

Föstudaginn 28 apríl kl 16,00.

Til fundarins er boðað samkvæmt nýjum samþykktum Minjasafnsins.

3. Afleysingar:

Safnstjóri hyggst fara í 9 mánaða fæðingarorlof 1 júní n.k. Að við bættu orlofi mun hún vera 11 mánuði frá störfum. Í ráði er að Steinunn Kristjánsdóttir verði í 50% starfi safnstjóra þetta tímabil. Og fær þá laun í 6 mánuði.

Aukagreiðslur vegna þess sem nema launum safnstjóra í u.þ.b. 3 mán. verða að koma inn í fjárhagsáætlun 2001.

4. Safnstjóra falið að ganga eftir því við svæðisstjórn oddvita að frá gengin Stofnsamningur Minjasafnsins verði sendur réttum aðilum hið fyrsta.

5. Safnstjóra heimilað að leigja húsnæði á Eiðum í félagi við

Héraðskjalasafnið enda verði vel gengið frá öryggismálum.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl 16.00

Magnús Þorsteinsson –fundaritari-

Erlendur Steinþórsson

Þórey Hannesdóttir

Jóhanna Bergmann

Aðalfundur Minjasafns Austurlands fyrir árið 1998 haldinn í Minjasafninu
28. apríl kl 16.00 árið 2000.

Mætt eru Magnús Þorsteinsson, Þórey Hannesdóttir, Katrín Ásgrímsdóttir
Jóhanna Bergmann, Björgvin Geirsson og Guðný Zoega
minjavörður sem áheyrnafulltrúi.

Dagskrá fundarins

1. Skýrsla stjórnar
2. Afgreiðsla ársreiknings fyrir árið 1998
3. Afgreiðsla fjárhagsáætlunar
4. Kjör stjórnar og varastjórnar
5. Kjör endurskoðanda
6. Önnur mál

Stjórnarformaður setti fund og var Magnús Þorsteinsson kosin fundarstjóri
og Katrín Ásgrímsdóttir ritari og var síðan gengið til dagskrá

1. Skýrsla stjórnar

Stjórnarformaður kynnti starfsemi safnsins árið 1998.

Fram kom að Jóhanna Bergmann leysti Steinunni af sem safnstjóri á árinu.
Styrkur fékkst v/ uppbygginga á Geirastöðum í Tungu frá Evrópuráðinu
Og frá Rannsóknaráði Íslands fékkst styrkur vegna verkefni v/ uppgröft
á Þórarinsstöðum í Seyðisfirði. Unnið var að gerð nýs stofnsamnings sem
er nú unnið eftir í fyrsta sinn.

2. Afgreiðsla ársreiknings fyrir árið 1998. Jóhanna kynnir afkomu ársins

Rekstrartekjur voru samtals 7.204.269 Rekstrargjöld 6.500.399

Rekstrartekjur umfram gjöld: 703.870

Þegar tekið hefur verið tillit til vaxta og afborgunar lána er rekstrarafgangur
97.097 kr.

Ársreikningur var síðan borin upp til atkvæða og samþykktur samhljóða.

3. Afgreiðsla fjárhagsáætlunar

Jóhanna fór yfir fjárhagsáætlun fyrir árið 2000. Þar er gert ráð fyrir tekjum
upp á 7.640.000 og gjöld að sömu upphæð að meðtöldu fjármagnstekjum
og gjöldum.

Áætlun var síðan borin upp til atkvæða og var hún samþykkt samhljóða.

4. Kjör stjórnar og varastjórnar.

Í stjórn voru kosin .

Björgvin Geirsson f. Norður- Hérað

Þórey Hannesdóttir f. Fellahrepp

Hákon Aðalsteinsson f. Fljótisdalshrepp

Katrín Ásgrímsdóttir f. Austur- Hérað

Magnús Þorsteinsson f. Borgarfjörð

Til vara voru kosin

Páll Benediktsson f. Norður- Hérað

Helga Guðmundsdóttir f. Austur- Hérað

Björn Aðalsteinsson f. Borgarfjörð

Agnes Helgadóttir f. Fljótisdalshrepp

Eftir er að skipa varamann fyrir Fellahrepp

5. Kjör endurskoðenda

KPMG var kosið samhljóða.

6. Önnur mál

Jóhanna rak í stuttu máli ýmsa viðburði frá síðast liðnu ári.

Fram kom að aðsókn var mun betri en árið áður. Sótt hefur verið um styrk

v/ Geirastaðaverkefnisins og er beðið svars frá Menntamálaráðneyti,

Vinnumálastofnun og frá Inpru, og var stuttlega gerð grein fyrir stöðu verkefnisins.

Fram kom í máli Jóhönnu á inngæslun útfjólublárra geisla væri of mikil og komu athugasemdir um það þegar Miðhúsasilfrið var hér til sýnis.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 17,50

Katrín Ásgrímsdóttir

Björgvin Geirsson

Guðný Zoega

Magnús Þorsteinsson

Jóhanna Bergmann

Stjórnarfundur var haldinn í stjórn Minjasafns Austurlands 28 apríl kl 17,50 árið 2000.

Mætt eru Þórey Hannesdóttir, Katrín Ásgrímsdóttir, Björgvin Geirsson,
Magnús Þorsteinsson Jóhanna Bergmann

1. Stjórn skipti með sér verkum. Þórey Hannesdóttir var kosin formaður
Katrín Ásgrímsdóttir varaformaður, Magnús Þorsteinsson ritari og
Björgvin Geirsson og Hákon Aðalsteinsson meðstjórnendur.
2. Afleysing safnstjóra, Þórey upplýsti nýja stjórn um stöðu mála.
Gengið verður frá ráðningu á næsta stjórnarfundum sbr. 3 lið í fundargerð
stjórnarfundar 29. mars.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 18,00

Katrín Ásgrímsdóttir

Jóhanna Bergmann

Árið 2000 föstudaginn 12. maí var haldinn fundur í stjórn Minjasafns Austurlands, sem hófst kl. 16,30 í húsnæði safnsins. Mættir voru stjórnarmennirnir Þórey, Katrín og Magnús ásamt safnstjóra.

Fyrir var tekið:

1. Ársreikningur 1999.

Safnstjóri lagði fram og skýrði ársreikning 1999. Um 900 þús. vantaði upp á að endar nái saman eins og gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun. Helstu liðir sem fóru fram úr áætlun. Húsn. kostn. 240 þús. Launakostn. 180 þús. Birgðaaukning 100 þús. þá fór Þórarinsstaðaverkefnið um 240 þús. fram úr áætlun. Leitað verður eftir styrkjum til þess að fjármagna þennan mismun. Kostnaður við Geirastaðaverkefnið fór um 180 þús. fram úr áætlun.

2. Fjárhagstaðan 2000.

Yfirdráttur á hlaupareikningi er nú um 600 þús. Vonir standa til að yfirdrátturinn geti fallið niður þegar styrkir fara að greiðast inn. Rætt um leiðir til að bæta lausafjárstöðu safnsins en ljóst er að tekjur skv. fjárhagsáætlun 2000 nægja ekki m.a. vegna fæðingaorlofs safnstjóra. Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17,30
Magnús Þorsteinsson –fundaritari-
Katrín Ásgrímsdóttir
Þórey Hannesdóttir
Jóhanna Bergmann

Árið 2000, föstudagurinn 2. júní var haldinn fundur í stjórn Minjasafns Austurlands. sem hófst kl 10,30 í húsnæði safnsins. Allir stjórnarmenn mættir ásamt safnstjóra .Einnig mætti á fundinn Steinunn Kristjánsdóttir fv. Safnstjóri, sem taka mun við safnstjórn í fæðingarorðlofi Jóhönnu, sem nú er að hefjast.

Fyrir var tekið:

1. Ársreikningar 1999 undirritaður eftir að hann hafði verið samþykktur Af öllum stjórnarmönnum.
2. Steinunn greindi frá því hvernig hún mundi haga störfum við safnið í sumar En hún verður í hálfu starfi safnstjóra. Ingibjörg Jónsdóttir landafræðinemi Frá Mýrum hefur fengið styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna við verkefni á Skriðuklaustri. Min-Aust. kostar mánaðar vinnu hennar gegn vinnuframlagi við safnið. Sótt hefur verið til Fljótsdalshrepps að styrkja þetta verkefni.
3. Sýning um mörk heiðni og kristni verður opnuð í safninu á annan í hvítasunnu í tengslum við kristnitöku hátíðarhöld. Kristnihátíðarnefnd styrkir sýninguna með einnar miljónar framlagi.
4. Fjármál:
Rætt um hugsanlega styrktaraðila vegna Skriðuklaustursverkefnis. Geirastaðaverkefnið er strand vegna peningaleysis. Lauslega áætlað kostar um hálfu miljón að reisa stafina og annað timburverk. Ljóst er að vegna aukaútgjalda í barnsburðarleyfi safnstjóra og hallareksturs á síðasta ári, sem kom í ljós eftir að gengið var frá fjárhagsáætlun 2000, er nauðsýn á bráðabirgðaláni um eina miljón, sem gert verði ráð fyrir greiðslu á árinu 2001, enda hafi sveitafélögin ekkert við það að athuga. Stjórnarlaun ákveðin kr. 2.000 á stjórnarmann fyrir hvern fund + hóflegan aksturskostnað. Tvöföld greiðsla til formanns.
5. Þjóðminjavörður Íra, Patrick Wallace, ásamt þremur öðrum írskur fornleifafræðingum er væntanlegur í heimsókn til safnsins í sumar.
Fleira ekki gert, fundi slitið kl 12,30
Þórey Hannesdóttir Magnús Þorsteinsson –fundarstjóri-
Katrín Ásgrímsdóttir Steinunn Kristjánsdóttir
Jóhanna Bergmann Hákon Aðalsteinsson
Björgvin Geirsson

Árið 2000, þriðjudaginn 1. ágúst var haldinn fundur í stjórn Minjasafns Austurlands, sem hófst kl 17,00 í kaffistofu safnsins.

Á fundin mættu allir stjórnarmenn ásamt safnstjóra Steinunni Kristjánsdóttur.

Fyrir var tekið:

1. Fjármál:

Safnstjóri greindi frá viðræðum við bankastjóra Búnaðarbankans.

Vænlegast þótti að halda yfirdrætti í Búnaðarbankanum, sem nú er 800 þús. Gæti þurft að hækka í eina milljón.

IMPRA- Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins- veitir í ár eina milljón

Í styrk til Geirastaðaverkefnisins. Von er í hálfrar milljónar styrk frá menntamálaráðneytinu.

2. Skriðuklaustur:

Gunnarsstofnun hefur leitað eftir samstarfi um að ná styrkjum frá Kristnihátíðarsjóði til frekari fornleifaleitar á Skriðuklaustri. Stjórnin taldi það hið besta mál og mætti Safnastofnun Austurlands og Fljótsdalshreppur gjarnan koma að málinu.

Formanni og safnstjóra falið að vinna að málinu áfram.

3. Starfsmannamál:

Steinunn taldi ýmis tormerki á því að sinna forstöðu fyrir safnið í hálfu starfi í vetur vegna erfiðleika við húsnæðisútleitu og kostnaðar. Vilji stjórnarinnar stendur til þess að aðstoða Steinunni vegna húsnæðisaðstöðu.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 18,30

Magnús Þorsteinsson –fundaritari-

Björgvin Geirsson

Steinunn Kristjánsdóttir

Katrín Ásgrímsdóttir

Hákon Aðalsteinsson

Þórey Hannesdóttir

Aðalfundur Minjasafns Austurlands f. árið 1999 haldinn í Minjasafninu
7 desember 2000.

Mætt eru: Magnús Þorsteinsson, Katrín Ásgrímsdóttir, Þórey Hannesdóttir,
Björgvin Geirsson, Steinunn Kristjánsdóttir, Helga Guðmundsdóttir og
Guðný Zoëga.

Dagskrá fundarins:

1. Skýrsla stjórnar
2. Afgreiðsla Ársreikninga (1999)
3. Afgreiðsla fjárhagsáætlunar (2001)
4. Kjör stjórnar og varastjórnar
5. Kjör endurskoðenda
6. Skýrsla safnstjóra
7. Önnur mál

Stjórnarformaður setti fund og var Magnús kosin fundarstjóri og Katrín ritari.
Síðan var gengið til dagskrár.

1. Skýrsla stjórnar: Þórey flutti skýrslu stjórnar m.a. kom fram að á árinu 1999 var nýr samstarfsamningur tekin í gildi. Þær breytingar sem þá voru gerðar reyndust þungar í vöfum og tóku langan tíma.
2. Afgreiðsla ársreikninga (1999). Ársreikningur hafði verið kynntur á fundi 12 maí s.l. (sjá 1. lið) og samþykktur á fundi 2. júní s.l. (sjá 1. lið). Ársreikningur lá frammi og var ræddur.
Ársreikningur var síðan borin upp til atkvæða og samþykktur einróma með 12 atkvæðum.
3. Afgreiðsla fjárhagsáætlunar.
Farið var yfir stöðu ársins og drög að fjárhagsáætlun fyrir árið 2001. skv. samþykktum þarf að kynna aðildarsveitafélagunum tillögu að fjárhagsáætlun í síðasta lagi 14 dögum f. aðalfund en það hefur ekki verið gert og því ljóst að áætlunin verður ekki afgreidd nú. Farið var yfir áætlunina og ýmsir liðir skýrðir. Steinunni er falið að kanna betur stöðu fæðingarorlofs safnstjóra og einnig að sundurgreina og fara yfir liðin rekstur fasteigna. Nokkuð var rætt um liði sem snúa að rannsóknaverkefnum og óskar stjórn eftir því að framsetning þeirra liða verði gerð einfaldari og skýrari.
Afgreiðslu fjárhagsáætlunar síðan frestað og safnstjóri falið að fara betur yfir hana með aðstoð formanns og forstöðumanns og senda út til aðildarsveitafélaga.
FM-sviðs Austur-Héraðs.

4. Kjör stjórnar og varastjórnar. Í stjórn voru kosin.
Björgvin Geirsson f. Norður-Hérað
Þórey Hannesdóttir f. Fellahrepp.
Hákon Aðalsteinsson f. Fljótsdalshrepp
Katrín Ásgrímsdóttir f. Austur-Hérað
Magnús Þorsteinsson f. Borgarfjarðahrepp
Til vara voru kosin
Páll Benediktsson f. Norður-Hérað
Helga Guðmundsdóttir f. A-Hérað
Björn Aðalsteinsson f. Borgarfjarðahrepp
Agnes Helgadóttir f. Fljótsdalshrepp
5. Kjör Endurskoðenda

Endurskoðendur voru kosnir KPMG endurskoðendur h/f.

6. Önnur mál:

- a) Spurt var um árskýrslu f. 1999. Fram kom að Jóhanna er að vinna að henni og mun Steinunn fylgja því á eftir að henni verði lokið og send út.
 - b) Steinunn kynnti aðeins þau störf sem eru framundan. Minjasafnið hefur fengið Styrk til 4 ára úr Cultura 2000 sem er Evrópusamstarf. Verkefni og kemur í framhaldi af Parabow verkefninu. Einnig er verið að sækja um styrk til að halda áfram rannsóknum á Skriðuklaustri. Unnið er að því í samstarfi við Gunnarsstofnun og minjavörð að undirbúa málið. Rætt hefur verið um að skipa undirbúningsnefnd og hefur Gunnarsstofnun skipað Skúla Björn Gunnarsson f. sýna hönd, stjórn samþykkt að skipa Steinunni Kristjánsdóttur í nefndina f. sína hönd. Stjórnin óskar einnig eftir því við Þjóðminjavörð að Guðný Zoëga verði skipuð í nefndina.
 - c) Þórey kynnti að safninu standi til boða að fá frímerkjasafn sem er í eigu afkomenda Þorsteins Sigurðssonar. Steinunni er falið að kanna málið.
- Fleira ekki gert og fundi frestað kl. 16,30.
Katrín Ásgrímsdóttir
Magnús Þorsteinsson

Árið 2001, fimmtudaginn 8. febrúar var haldinn fundur í nýkjörinni stjórn Minjasafns Austurlands. Aldursforseti, Hákon Aðalsteinsson, setti fund Og var þá gengið til eftirfarandi dagskrár.

1. Verkaskipting stjórnar:

Formaður: Þórey Hannesdóttir

Varaformaður: Katrín Ásmundsdóttir

Ritari: Magnús Þorsteinsson.

Meðstjórnendur: Hákon Aðalsteinsson og Björgvin Geirsson.

2. Starfsmannamál:

Steinunn sem nú er í hálfu starfi safnstjóra óskaði eftir því að fá að hætta

Því starfi sem fyrst. Áfram yrði hún þó forstöðumaður rannsóknasviðs.

(Borist hefur óformleg umsókn um starf sagnstjóra). Ákveðið að auglýsa starf safnstjóra laust til umsóknar með hóflegum umsóknarfresti.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

MP

Framhaldsaðalfundur Minjasafns Austurlands haldinn 8. febrúar, 2001

Kl. 16:00.

Mættir eru fulltrúar allra aðildarsveitafélaga, alls 13 atkvæði.

1. Úrræði v/skuldar 1999-2000.

Rætt var um hvernig farið verði með skuldir safnsins. Sveitafélagunum hefur verið kynnt staða safnsins og hafa þær fjallað um hana.

Í ljósi þeirrar afstöðu sem almennt kom fram leggur stjórn til að skuldin verði felld inn í fjárhagsáætlun safnsins sem sérstakur liður og greidd af sveitafélagunum á árinu enda kom sú skoðun fram að áæskilegt væri að byggðasamlög stæðu í lántöku. Stjórnin leggur ríka áherslu á að gætt verði fyllsta aðhalds í rekstri safnsins og ekki komi til frekari lántöku. Einnig verði lögð áhersla á skilvísari fjármálastjórn í rekstri safnsins og er safnstjóra falið að gera tillögu að því efni.

Fram kom hjá Austur-Héraði að henni hefur verið falið að taka rekstrarmál safnahússins til umræðu meðal aðildarsveitafélaganna.

2. Afgreiðsla fjárhagsáætlunar.

Eins og fram kom í 1. lið kemur inn nýr liður 2.000.000. v/fæðingarorlofs o.fl. áranna 1999-2000. Að öðru leyti er fjárhagsáætlunin samþykkt eins og hún liggur fyrir og eru gjöld því alls 10.240.000 og tekjur einnig 10.240.000. Samþykkt með 13 samhljóða atkvæðum.

3. Önnur mál.

Önnur mál voru engin.

Fundi slitið kl. 17:30.

Árið 2001. laugardaginn 21. apríl kl. 14:00 haldinn fundur í stjórn Minjasafns Austurlands í húsakynnum safnsins á Egilsstöðum. Mættir til fundar voru stjórnarmennirnir Katrín, Hákon og Magnús. Þórey og Björgvin voru forfölluð. Þá mættu til fundarins fráfarandi safnstjóri Steinunn Kristjánsdóttir og nýráðinn safnstjóri Rannveig Þórhallsdóttir. Varaformaður Katrín Ásgr. setti fund og bauð Rannveigu velkomna til starfa. Fyrir var tekið:

1. Fráfarandi og viðtakandi safnstjóri gerðu grein fyrir skiptingu verkefna í apríl mánuði. Rannveig var í 50% starfi til miðs mánaðar, 100% eftir það. Steinunn er í 50% starfi til næstu mánaðamóta.
2. Ráðningarkjör safnstjóra.
Rætt um ráðningarkjör og ráðningarsamning safnstjóra. Katrínu og Rannveigu falið að leiða málið lykta með hliðsjón af umræðum í stjórninni.
3. Fyrirhuguð starfsemi safnsins.
Rannveig gerði grein fyrir hugmyndum sínum um rekstur safnsins. Þar má nefna sýningu á safninu og skoðunarferðir að Geirastöðum og Þórarinsstöðum. Hún mun auka samstarf við eldri borgara og leitast við að ná styrkjum til safnsins.
4. Uppsögn safnvarðar:
Pétur Sörensen sagði upp hálf dagsstarfi sínu frá og með 1. apríl s.l. og óskaði eftir að vinna ekki uppsagnafrestin.
5. Safnstjóri gerði grein fyrir umsóknum um hálf stöðu safnvarðar og starf sumarstarfsmanns.
6. Fjármál safnsins:
Hugað að bókhaldi og fjármálum safnsins.
7. Skriðuklaustur:
Steinunn kynnti upplýsingamöppu sem hún hefur sett saman í samstarfi við Skúla Björn Gunnarsson og Guðrúnu Zoëga. Styrkumsókn fer til Kristnihátíðarsjóðs á næstu dögum.
8. Safnið hefur fengið 1200 þús. kr. styrk (CAPP) til eins árs (ekki fjöggra ára) eins og haldið var á aðalfundi) Steinunn hefur ráðstafað þeim fjármunum, m.a. til að kosta vinnu tólf evrópskra ungmenna við Geirastaðaverkefnið. Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 15,47.
Magnús Þorsteinsson –fundaritari-
Steinunn Kristjánsdóttir
Rannveig Þórhallsdóttir
Hákon Aðalsteinsson
Katrín Ásgrímsdóttir

Föstudaginn 8. júní 2001 var haldinn fundur í stjórn Minjasafns Austurlands. Mættir voru Þórey Hannesdóttir, Hákon Aðalsteinsson, Katrín Ásgrímsdóttir og Rannveig Þórhallsdóttir.

1. Fjárhagsstaða safnsins.

Farið var yfir fjárhagstöðu 5 mán. uppgjör. Búið er að eyða 4.783.783. eða 57% áætlunar en hluti af þessari upphæð er kostnaður v/ársins 2000, auk þess eru launagreiðslur fyrir hluta ársins óvenju miklar v/breytinga á mannahaldi. Safnstjóri falið að greina betur þann kostnað sem tilheyrir árinu og hvernig launagreiðslur muni liggja það sem eftir er ársins.

2. Ráðningasamningur safnstjóra.

Nýlega hafa verið gerðir nýir kjaras. hjá F.Í.F sem hafa ekki borist. Þórey mun ath. hvaða áhrif þeir muni hafa og ganga frá samkomulagi.

3. Tillaga um færslu launagreiðslna, frá sagnstjóra til sveitafélags.

Safnstjóra falið að óska eftir því við A-Hérað að taka að sér launagreiðslur f. safnið.

4. Önnur mál.

Safnstjóri er á förum til Finnlands á vegum CAAP ... 2000 í viku.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 17:00

Katrín Ásgrímsdóttir, Þórey Hannesdóttir, Hákon Aðalsteinsson,
Rannveig Þórhallsdóttir.

Árið 2001, föstudagurinn 7. sept. var haldinn fundur í stjórn Minjasafns Austurlands sem hófst kl 16:00 í auka sýningarsal safnsins.

Allir stjórnarmenn mættir ásamt safnstjóra.

Fyrir var tekið:

1. Fjárhagsstaða safnsins:

Safnstjóri gerði grein fyrir fjárhagsstöðunni og áætluð útgjöld til áramóta. Stjórnin mun koma saman aftur fljótlega til þess að glöggva sig á stöðunni.

2. Lokauppgjör við Jóhönnu Bergmann. Samþykkt að greiða Jóhönnu umdeilda orlofsdaga, 9. að tölu.

3. Kjarvalsstofa á Borgarfirði:

Arngrímur Viðar Ásgeirsson kom á fundinn og gerði grein fyrir vinnu áhugahóps um stofnun Kjarvalsstofu á Borgarfirði. Viðfangsefni hennar yrði þríþætt.

-ævi og list Kjarvals- byggðasaga Borgarfjarðar, Víkna og Loðmundarfjarðar og þjóðtrú tengd Borgarfirði og nágrenni. Áhugahópurinn leitar eftir samvinnu margra aðila um verkefnið þ.á.m. Minjasafnsins og er bréf þess efnis væntanlegt fljótlega.

4. Skrifað var undir ráðningarsamning við safnstjóra.

5. Lagt fram bréf forstöðumanna í safnahúsinu til Héraðsnefndar Múlasýslu þar sem farið er fram á virkara starf byggingarnefndar safnahússins en nokkuð vantar á að lokið sé fyrsta áfanga hússins þ.á.m. brunavörnum.

6. Lögð fram til kynningar lokaskýrsla starfshóps um Menningarhús á Egilsstöðum.

Katrín greindi frá því að hún færi í fæðingarorlof um næstu mánaðamót.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 17:40.

Magnús Þorsteinsson –fundaritari-

Þórey Hannesdóttir

Rannveig Þórhallsdóttir

Katrín Ásgrímsdóttir

Björgvin Geirsson

Árið 2001, þriðjudagurinn 18. desember kom stjórn Minjasafns Austurlands saman til fundar í sýningarsal safnsins kl 16:00.

Mættir stjórnarmennirnir Helga, Hákon, Björgvin og Magnús. Þórey var forfölluð

En varamaður hefur ekki verið kosin í Fellahreppi.

Fyrir var tekið:

1. Samþykkt að Helga stjórnaði þessum fundi í forföllum formanns og varaformanns.

2. Fjárhagsáætlun 2002.

Safnstjóri gerði grein fyrir drögum að fjárhagsáætlun sem hún hafði sett upp.

Stjórnin fór ítarlega yfir drögin sem nú verða send til sveitafélaganna og síðan tekin til afgreiðslu á aðalfundi.

3. Ársreikningur 2000:

Rekstrarhalli ársins var kr 1.362.128.- og eiginfjárreikningur neikvæður kr 2.153.571.-

Stjórnin samþykkti ársreikninginn fyrir sitt og skrifaði upp á hann.

4. Samþykkt að boða til aðalfundar Minjasafnsins föstudaginn 11.jan. 2002 kl.16:00 í húsakynnum safnsins.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:45.

Helga Guðmundsdóttir Magnús Þorsteinsson –fundaritari-

Hákon Aðalsteinsson Björgvin Geirsson

Rannveig Þórhallsdóttir

Aðalfundur Minjasafns Austurlands f. árið 2000 haldinn í Minjasafninu 11. janúar 2002.
Mætt eru: Magnús Þorsteinsson, Þórey Hannesdóttir, Helga Guðmundsdóttir,
Björgvin Geirsson, Hákon Aðalsteinsson og safnstjóri Rannveig Þórhallsdóttir.

Dagskrá fundarins:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Afgreiðsla ársreikninga.
3. Afgreiðsla ársreikninga.
4. Kjör stjórnar og varastjórnar.
5. Kjör endurskoðenda.
6. Önnur mál.

Formaður setti fund. Fundarstjóri kjörin Magnús Þorsteinsson og fundaritari Helga Guðmundsdóttir.

Lögmæti fundarins: Mættir er fulltrúar allra aðildarsveitafélaganna 5. sem fara með öll atkvæði aðalfundar- 13 samtals.

Fundarstjóri gekk síðan til kynntar dagskrár.

1. Formaður stjórnar Þórey Hannesdóttir, flutti skýrslu stjórnar vegna ársins 2000. Fram kom að haldnir voru 5. stjórnarfundir á árinu. Starfsmannamál vógu nokkuð þungt á árinu, en safnstjóri fór í barnsburðarleyfi á árinu og Steinunn Kristjánsdóttir tók að sér að gegna starfinu í 50% starfi í forföllum hennar. Jafnframt var gert grein fyrir þeim samstarfsverkefnum sem safnið tók þátt í og styrkveitingum í því sambandi.

2. Afgreiðsla ársreikninga fyrir árið 2000.

Safnstjóri, Rannveig Þórhallsdóttir gerði grein fyrir helstu niðurstöðutölum reikningsins. Rekstrarniðurstaða ársins var neikvæð sem nemur kr. 1.362.128- og peningaleg staða í árslok 2000 var neikvæð sem nam kr. 2.153.571.

Ársreikningur borin undir atkvæði og samþykktur með öllum 13 atkvæðum.

3. Afgreiðsla fjárhagsáætlunar fyrir 2002.

Fyrir fundinum lá tillaga stjórnar safnsins frá stjórnarfundum 18 des. síðastliðnum að fjárhagsáætlun fyrir árið 2002.

Safnstjóri gerði grein fyrir breytingartillögu að fjárhagsáætlun sem send var sveitarfélögum fyrir fundinn. Breytingin felst í hækkan tekjuliða, og byggir á athugasemdum frá 2 aðildarsveitafélögum Fljótshreppi og Austur-Héraði. Gert er ráð fyrir sértekjum Að upphæð kr. 470.000 og hækkan á liðum aðgangseyrir í kr 500.000.-

Tillögur safnstjóra um sértekjur byggja m.a. á hugmyndum um námskeið og þess háttar Sérhæfð verkefni. Austur- Hérað hafði bundið framlag sitt til safnsins á þessu ári við Kr. 4.500.000 m.a. vegna þess hve tillaga að fjárhagsáætluninni var seint fram komin. Áætlunin gerir ráð fyrir rekstrargjöldum að upphæð kr. 12.306.180 og framlögum frá aðildarsv, fél. sem nema kr. 6.818.181.

Áætlunin borin undir atkvæði og samþykkt með öllum 13 atkvæðum.

4. Kjör stjórnar og varastjórnar.

Í stjórn voru kjörnir:

Björgvin Geirsson f. Norður Hérað
Þórey Hannesdóttir f. Fellahrepp
Hákon Aðalsteinsson f. Fljótshrepp
Katrín Ásgrímsdóttir f. Austur-Hérað
Magnús Þorsteinsson f. Borgarfjarðahrepp

Til vara voru kosin:

Páll Benediktsson f. Norður- Hérað
Þorsteinn Sveinsson f. Fellahrepp
Agnes Helgadóttir f. Fljótshrepp
Helga Guðmundsdóttir f. Austur-Hérað Björn Aðalsteinsson f. Borgarfjarðahrepp.

5. Kjör endurskoðenda:

Endurskoðendur voru kjörnir KPMG endurskoðendur h/f.

6. Önnur mál:

a) Spurt um skýrslu safnstjóra fyrir árið 2000. Fram kom að Rannveig mun vinna að því að koma henni út hið fyrsta og gera það í samráði við Jóhönnu Bergmann og Steinunni Kristjánsdóttur, sem gegndu starfi safnstjóra á árinu 2000.

b) Rannveig gerði grein fyrir erindi frá Þórhalli Þorsteinssyni varðandi hugsanleg kaup safnsins á frímerkjasafni Þorsteins Sigurðssonar. Um er að ræða afar merkilegt og verðmætt safn. Ljóst er að um dýra fjárfestingu væri að ræða sem ekki væri hægt að fjármagna með almennu rekstrarfé safnsins.

Fundarstjóri vakti athygli á grein um hlutverk safnsins í samstarfssamningi sveita-Félaganna um Minjasafn Austurlands. Aðalfundarfulltrúar voru sammála um að vafasamt væri hvort varðveisla frímerkjasafns af þessum toga samræmdist hlutverki safnsins, auk þess myndi það kalla á sérhæfðan starfskraft sem ekki er til staðar á safninu.

c) Safnstjóri gerði grein fyrir stöðu mála varðandi Skriðuklaustursverkefnið en ákveðið er að unnið verði að uppgreftri í tvo mánuði í sumar og mun verða unnið að forvörslu og skráningu á Minjasafninu. Steinunn Kristjánsdóttir hefur verið ráin til að stýra verkefninu.

d) Safnstjóri gerði grein fyrir 2 Evrópusamstarfsverkefni sem safnið tekur þátt í á árinu 2002, ef þeir styrkir sem sótt hefur verið um fá jákvæða afgreiðslu.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:45.

Magnús Þorsteinsson –fundarstjóri-

Helga Guðmundsdóttir fundaritari.

Björgvin Geirsson

Hákon Aðalsteinsson

Þórey Hannesdóttir

Rannveig Þórhallsdóttir

Árið 2002, föstudagurinn 22. mars kom stjórn Minjasafns Austurlands saman til fundar í húsnæði safnsins kl. 16:20.

Mættir stjórnarmennirnir Þórey, Magnús, Björgvin og Hákon ásamt safnstjóra.

Fyrir var tekið:

1. Verkaskipting stjórnar:

Aldursforseti Hákon Aðalsteinsson setti fund og bauð fundarmenn velkomna til starfa og

Lagði til óbreytta verkaskiptingu, og var það samþykkt.

Formaður Þórey Hannesdóttir.

Varaformaður Katrín Ásgrímsdóttir.

Ritari Magnús Þorsteinsson

Meðstjórnendur Hákon Aðalsteinsson og Björgvin Geirsson.

2. Fjárhagsstaða/ Fjárhagsáætlun .

Safnstjóri gerði lauslega grein fyrir fjárhagsstöðunni, sem er í samræmi við fjarhagsáætlun.

3. Sumarstarfsemi og starfsmannahald.

Safnstjóri kynnti áætlun sína um tvennskona nýbreytni: gönguferðir með Þýska ferðamenn á laugardagsmorgnum og þjóðháttardaga á fimmtudögum.

Þá verður smávegis samstarf við aðra, einkum Kjarvalsstofu á Borgarfirði vegna Kjarvalshvamms. Rætt lauslega um að hafa opið lengur en til 5 í einn eða tvo daga í viku til þess að ná til ferðamannahópa sem eru að koma á svæðið til gistingar.

4. Launavinnsla.

Álitmál hefur verið hvort samið verður við Héraðsstjórn eða Austur-Hérað um launavinnslu fyrir safnið. Safnstjóri er nú aðeins vanari launavinnslunni og bauðst til að sjá um hana áfram fyrstum sinn og var það samþykkt.

5. Styrkveitingar:

Menningaráð Austurlands veitti 100 þús. til átaks í þjóðmenningu á Austur-Héraði.

Ekki eru horfur á að styrkveitingu til að tengjast Sarpi á þessu ári.

6. Ársskýrsla fyrir 2000 og 2001 eru í undirbúningi.

7. Önnur mál:

Safnvörður hefur farið fram á launahækkun. Stjórnin er samþykk því að laun hans verði hækkuð lítillega.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 17:45.

Magnús Þorsteinsson –fundaritari-

Rannveig Þórhallsdóttir, Þórey Hannesdóttir

Björgvin Geirsson Hákon Aðalsteinsson.

Árið 2002, fimmtud. 8. ágúst, kom stjórn Minjasafns Austurlands saman til fundar í húsnæði safnsins kl. 16:05.

Mættir eru Þórey stjórnarformaður, varamennirnir Björn og Ingifinna ásamt safnstjóra Björn Hafþór mætti f. Austur-Hérað og tilkynti forföll stjórnarmanna.

Fyrir er tekið:

- 1) Stjórn kemur sér saman um að Þórey Hannesd. gegni formennsku fram að aðalfundi. Verkaskiptingu er annars frestað til næsta stjórnafundar.
- 2) Lækkun ríkisstyrkja.
Safnstjóri kynnti lægri raunframlög en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun.
Rætt um ný safnalög. Rætt um hvort hægt sé að nálgast mismuninn eftir öðrum leiðum, t.d. í gegnum byggingarnefnd.
- 3) Rætt um aðild að Sarp. Safnstjóri kynnti tillögu um framkvæmdir vegna Sarps.
Sótt hefur verið um 5. miljón króna styrk í Safnasjóð vegna verkefnisins.
Samþykkt að athuga með styrki úr Atvinnuleysistryggingasjóði.
Ekki verður hafist handa við framkvæmdir fyrr en viljrði hafa fengist fyrir styrk.
- 4) Fulltrúi Austur-Héraðs lýsti því yfir að hann sé afar ánægður með störf safnstjóra og hún eigi allt gott skilið- þ.á.m. góð laun –að svo mæltu fór hann af fundi.
Ákveðið að fresta ákvarðanatöku um launamál til næsta fundar, til að bera stöðu saman Við fjárhagsáætlun.
5. Önnur mál:
 - a) Varamenn óska eftir að fá afrit af fundargerðum og ársskýrslum.
 - b) Safnstjóri kynnti 417.700.- peningagjöf frá Austfirðingafélaginu í Reykjavík, sem Minja- og Héraðsskjalas. fengu í sameiningu og munu nota til kaupa á skjávarpa og tjaldi.
 - c) Hugmyndir um smiðju úti á lóð kynntar, ætlunin að sækja um styrk í handverkssjóði vegna eldsmiðjunar.
 - d) Stefnt að stjórnarfundi í lok ágúst /byrjun sept, með þátttöku nýrra stjórnarmeðlima.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:35.

Fundaritari Rannveig Þórhallsdóttir

Ingifinna Jónsdóttir

Björn Aðalsteinsson

Þórey Hannesdóttir

Árið 2002 19 sept. kl. 17:00. stjórnarfundur í Minjasafni Austurlands.

Mættir: Þórey Hannesdóttir, Hákon Aðalsteinsson, Íris Sævarsdóttir, Ásmundur Þórarinsson, Kristjana Björnsdóttir og Rannveig Þórhallsdóttir

Fyrir tekið:

1. Launamál safnstjóra.

Rannveig lagði samantekt á launagreiðslum til safnstjóra og sýndi mismun á greiðslum og óskum safnstjóra um laun. Formaður leggur til að stjórnarmenn bæri undir sveitastjórnir drög að viðauka launasamnings safnstjóra. Að öðru leiti er endurskoðun samningsins frestað til næsta fundar.

2. Drög að fjárhagsáætlun.

Rannveig kynnti áætlunina og sagði frá Sarpi sem er miðlægur gagnagrunnur fyrir söfnin í landinu. Rannveig hefur skrifað undir samstarfssamning með fyrirvara um samþ. stjórnar. Rætt um horfur og framtíð safnsins. Stjórnin felur Rannveigu að kanna málin fyrir Héraðsstjórn á næsta fundi hennar í byrjun október.

3. Fjórðungsuppgjör.

Útlit er fyrir að gjöld safnsins verði hærri en tekjur árið 2002. Kemur þar einkum þrennt til:

- a) Hækkun á launum safnstjóra samkvæmt nýjum kjarasamningi FÍF.
- b) Lægri framlög frá ríkinu en búist var við.
- c) Engar sértekjur.

3) Önnur mál.

Rannveig sagði frá því að hún er gjaldkeri félags Íslenskra safna og safnmanna.

Austfirðingafélagið færði safninu kr. 410. þús. að gjöf keyptur var skjávarpi.

Að stofnað verði húsfélag um rekstur safnahúsin.

Stjórn skipti þannig verkum til aðalf.

Þórey formaður, Íris varaformaður, Ásmundur ritari.

Næst fundur verður þriðjud. 15. okt. kl.17:00

Fundi slitið 19:10

Kristjana Björnsdóttir

Ásm. Þórarinsson

Íris lina Sævarsdóttir

Hákon Aðalsteinsson

Þórey Hannesdóttir

Árið 2002, föstudag 18. október kom stjórn Minjasafn Austurlands saman til fundar í húsnaði safnsins kl. 17:00.

Á dagskrá fundarins var þetta:

1. Fjárhagsáætlun 2003.
2. Launamál safnstjóra.
3. Ársreikningur 2001.
4. Önnur mál.

Til fundar komu Kristjana Björnsdóttir,
Íris Lind Sævarsdóttir, Rannveig Þórhallsdóttir,
Hákon Aðalsteinsson, Ásmundur Þórarinsson
Þórey Hannesdóttir.

1. Farið yfir tillögu að fjárhagsáætlun fyrir árið 2003. Ýmsum liðum breitt í sparnaðarátt. Stjórnin var sammála um að marka sér stefnu í málefnum safnsins til nokkurra ára.
2. Stjórnin samþykkti að gera nýjan ráðningarsamning við safnstjóra fyrir aðalfund.
3. Ársreikningur 2001 lá frammi.
4. Umræður um safnahúsið. Stjórnin sammála að skora á þá sem þau mál varða að hefjast nú þegar handa við að ljúka þessari byggingu í þeirri mynd sem upphaflega var áformað. Benda má á í þessu sambandi að ýmsir munir í eigu safnsins liggja undir skemmdum í ógóðum geymslum.

Aðalfundur safnsins verður haldinn skv. dagskrá miðvikudaginn 13. nóv. n.k.

Fleira ekki, fundi slitið.

Ásm. Þórarinsson
Þórey Hannesdóttir
Kristjana Björnsdóttir
Íris Lind Sævarsdóttir
Rannveig Þórhallsdóttir.

Ár 2002, miðvikudag 13. nóvember kom stjórn Minjasafns Austurlands saman til fundar í húsnaði safnsins kl. 16:00.

Dagskrá fundarins:

1. Niðurskurður á fjárhagsáætlun.
2. Frágangur á ráðningarsamningi safnstjóra.
3. Önnur mál.

Til fundarins komu; Þórey Hannesdóttir , Íris Lind Sævarsdóttir, Kristjana Björnsdóttir, Ásmundur Þórarinsson, Rannveig Þórhallsdóttir.

1. Tillaga að fjárhagsáætlun fyrir 2003 yfirfarin og samþykkt eftir breytingar. Niðurstöðutölur voru kr. 10.814.200.-
2. Tillaga að ráðningarsamningi við safnstjóra. Rannveigu Þórhallsdóttur, samþ. og undirritaður með fyrirvara um samþykki launaneftdar sveitafélaga um afturvirkni varðandi greiðslu yfirvinnutíma.

Fleira ekki, fundi slitið.

Kristjana Björnsd. Ásm. Þórarinsson

Hákon Aðalsteinsson, Þórey Hannesdóttir

Íris Lind Sævarsdóttir Rannveig Þórhallsdóttir

Aðalfundur Minjasafns Austurlands haldinn í húsnæði safnsins miðvikudaginn 13. nóv. 2002, Kl. 17:20.

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar 2001.
2. Afgreiðsla ársreikninga.
3. Afgreiðsla fjárhagsáætlunar
4. Kjör stjórnar og varastjórnar
5. Kjör endurskoðenda
6. Önnur mál.

Formaður stjórnar Þórey Hannesdóttir setti fund, bauð fundarmenn velkomna og bað Kristjönu Björnsdóttur að stjórna fundi og Ásmund Þórarinsson að rita fundargerð.

Fundurinn er lögmatgur, allir fulltrúar mættir.

1. Formaður flutti skýrslu sína. Kom þar fram að haldnir voru 5 stjórnarfundir á árinu, og kraftar stjórnar fóru að mestu í að manna stöðu safnstjóra sem urðu 3 samtals. Af því leiddi að starfsemi safnsins varð ómarkviss, sem aftur varð til þess að fjárhagur safnsins versnaði til muna.
2. Fram lagður ársreikningur áritaður af endurskoðanda KPMG, Geir V. Ágústssyni. Niðurstöðutölur á rekstrarreikningi eru kr. 10.169.373. teknamegin, er kr. 9.088.498.- gjaldamegin. Rekstrarniðurstaða kr. 911.069.- Eigið fé í árslok kr. 1.390.315.- Reikningurinn yfirfarinn og samþykktur athugasemdalaust.
3. Tillaga að fjárhagsáætlun safnsins 2003. samþ. af stjórn, lögð fram til afgreiðslu. Áætlunin yfirfarin og rædd, því næst samþ. samhljóða. Til þess að losa safnið við fjárhagsvanda frá fyrri árum leggur fundurinn eindregið til við rekstrarsveitafélögin að þau leggi fram aukafjárveitingu til að greiða upp þessar skuldir.
4. Fram kom tillaga að stjórn fyrir næsta starfsár.
Þórey Hannesdóttir Fellahr.
Kristjana Björnsdóttir Borgarf.
Ásmundur Þórarinsson N-Hérað
Íris Lind Sævarsdóttir A-Hérað
Hákon Aðalsteinsson Fljótsdal
Til vara Þorsteinn Gústafsson Fellum
Gunnar Jónsson Egilst. Fljótsdal
Emil Björnsson A-Hérað
Björn Aðalsteins. Borgarf.
Ingifinna Jónsd. N-Hérað
Samhljóða samþykkt.
5. Endurskoðendur.
Samþ. að KPMG annist gerð og endurskoðun ársreiknings.
6. Engin tók til máls undir þessum lið.
Fundargerð lesin og staðfest. Fundi slitið. Ásm. Þórarinsson

Fundargerð stjórnar Minjasafns Austurlands, haldinn 13. nóv. 2002 kl. 19:12 í húsnæði safnsins.

Aldursforseti Hákon Aðalsteinsson setti fund og óskaði nýkjörnum stjórnarmönnum velfarnaðar í starfi.

Fyrir var tekið: Stjórn skipti með sér verkum þannig.

Formaður Þórey Hannesdóttir Fellahr.

Varaformaður Kristjana Björnsdóttir í Borgarfj.hr.

Ritari Ásmundur Þórarinsson N-Hérað

Meðstj. Íris Lind Sævarsdóttir A-Hérað

-- Hákon Aðalsteinsson Fljótshálsgr.

Þórey Hannesdóttir tók við fundinum og óskaði stjórn gengis í starfi sínu.

Þessi mál afgreidd.

1. Stjórn styður ósk safnstjórnar þess efnis að starfsmenn safnsins njóti sömu kjara og Starfsfólk Austur-Héraðs nýtur varðandi íþróttaaðstöðu í sveitafélaginu.
2. Stjórn samþykkti þá ráðstöfun að launaútreikningar og launagreiðslur varðandi Minjasafnið fari til skrifstofu Austur-Héraðs.
3. Stjórnin hvetur safnstjóra að senda menntamálaráðherra umbeðnar upplýsingar vegna lækkunar ríkisframlags til greiðslulauna safnstjóra.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Kristjana Björnsdóttir Ásmundur Þórarinsson

Hákon Aðalsteinsson Þórey Hannesdóttir

Íris Lind Sævarsdóttir Rannveig Þórhallsdóttir.

Fundargerð stjórnar Minjasafns Austurlands haldinn 26. mars 2003 í húsnæði safnsins kl.17:00

Mættir: Þórey Hannesdóttir, Kristjana Björnsd., Gunnar Jónsson, Ásmundur Þórarinsson
Rannveig Þórhallsdóttir, Emil Björnsson

Dagskrá:

1. Ársskýrsla 2000 og 2001
2. Ráðning tímabundið í stöðu safnvarðar
3. Önnur mál.

Önnur mál safnstjóra:

- a) Fyrirhuguð þarfagreining safnahússins af forstöðumönnum. Framtíðarsýn.
- b) Umsóknir í sjóði- listi.
- c) Stjórnarlaun 2002.
- d) Niðurfelling skuldar Minjasafnsins við Safnastofnun frá 1996 (um 150.000 kr)
- e) Ítalskur/ enskur virkjanamarkhópur ? Á að leita eftir fé til Impregilo og Alcoa. Bjóða upp á enska og ítalska leiðsögn og fá í staðin styrk frá þeim ?
- f) Ekkert Evrópuverkefni í ár.

1. Ársskýrsla 2000 og 2001 verður fullunnin um miðjan apríl, en fyrir 2002 í haust.
2. Skúli Magnússon, sem verið hefur safnvörður í hálfu starfi undanfarin ár, hefur verið í veikindafrí frá 1 jan. Óvíst er hvenær hann kemur aftur til starfa við safnið. Hulda Sigurdís Þráinsdóttir þjóðfræðingur frá Djúpavogi hefur sótt um starf við safnið. Rannveig safnstjóri hefur ákveðið að ráða hana í hálfu starf við safnið í 5 mánuði, og hefur til þess samþykki stjórnar.

3. Önnur mál:

- a) Stjórn styður heilshugar hugmyndir sem fram hafa komið um endurbætur á safnahúsi, ljúka við byggingu þess , og jafnvel bæta við húsið einni burst og kalla húsið menningahús.
- b) Frammi lá listi yfir styrki sem sótt hefur verið um til safnsins, 18 að tölu. Að upphæð kr. 17.8. millj.
- c) Frammi lá yfirlit yfir fundarkostnað stjórnarmanna 2002, samt.kr. 140.275,-
- d) Felld hefur verið niður skuld við Safnastofnun að upphæð kr. 150 þús.
- e) Hugmyndin talin verð frekari athugunar.
- f) Ekkert Evrópuverkefni í ár.

Stjórnin sendi Skúla Magnússyni kveðju sína og óskar honum góðs bata af veikindum sínum. Fleira ekki, fundi slitið kl.18:30.

Kristjana Björnsdóttir Ásm. Þórarinsson

Gunnar Jónsson Emil Björnsson

Þórey Hannesdóttir Rannveig Þórhallsdóttir.

Stjórnarfundur Minjasafns Austurlands haldinn í sýningarsal safnsins
30. sept. 2003 kl. 17:00- 18:00.

Dagskrá:

1. Tölvumál, afritun gagna og kaup á nýjum tölvum.
2. Tillaga um ráðningu tveggja starfsmanna í stöðu safnvarðar, 100% stöðu frá áramótum.
3. Styrkveitingar á árinu 2003 kynntar.
4. Uppgjör sumarsins 2003, gesta fjöldi og sala .
5. Drög að fjárhagsáætlun 2004.
6. Áraskýrsla 2001 og 2002 kynntar.
7. Drög að ársreikningi 2002.
8. Önnur mál.
 - a) Siðareglur ICOM afhentar stjórn.
 - b) Fjárnám safnstjóra.

Mættir: Þórey Hannesdóttir, Þorsteinn Gústafsson, Kristjana Björnsdóttir,
Íris Lind Sævarsdóttir, Hákon Aðalsteinsson , Ásmundur Þórarinsson
og Rannveig Þórhallsdóttir safnstjóri

1. Rædd tölvuþörf safnsins sem er mjög brýn. Þar sem venjuleg framlög til safnsins hrökkva rétt aðeins til að reka safnið samþ. stjórnin að leggja til við aðildarsveita-
félög safnsins að þau leggi fé til tölvukaupa, kr. 800.000.- fyrir utan hefðbundin
framlög. Hlutföll framlaga verða hin sömu og vegna annarra fjárveitinga.
2. Vegna lækkunar fjárframlaga var ákveðið að ráða áfram í hálfu stöðu í stað heillar.
- 3,-4. Gögn undir þessum liðum lágu frammi á fundinum, enda ekki afgreiðslumál.
5. Drög að fjárhagsáætlun fyrir 2004 lögð fram og rædd lið fyrir lið.
Lítilsháttar breytingar gerða. Verður hún lögð fram á næsta fundi með breytingum
til afgreiðslu.
6. Árskýrslur fyrir árin 2001 og 2002: Skýrslurnar eru í loka vinnslu og verða lagðar fram
Á aðalfundi nú í haust. Fundarmenn sýndu ánægju með vinnunna.
7. Drög að ársreikningi: Frestað til næsta fundar.
8. Önnur mál:
Safnstjóri afhenti stjórnarmönnum siðareglur ICOM. Rannveig hóf í haust nám í
Fornleifafræði í Háskóna Íslands stundar heim námið í fjárnámi .
Stjórnin lýsir ánægju sinni með þetta framtak Rannveigar og óskar henni velfarnar.
Fundargerð lesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 18:36.
Þorsteinn yfirgaf fund kl: 18.00 og Ásmundur skömmu síðar. Ásmundur og Kristjana
skrifuðu fundargerð. Kristjana Björnsdóttir, Rannveig Þórhallsdóttir.
Þórey Hannesdóttir Íris Lind Sævarsdóttir, Hákon Aðalsteinsson.

Priðjudaginn 21. október 2003 var fundur í minjasafnsnefnd.

Mættir voru:

Björn Aðalsteinsson fyrir Borgarfjörð

Íris Sævarsdóttir f. A-Hérað

Hákon Aðalsteinsson f. Fljótsdal

Björn tók við fundarstjórn og setti fund.

Fyrsta mál: (Sarpur) Rannveig kynnti Sarp og voru ræddir kostnaðarliðir.

Annað mál: (Fjárhagsáætlun) Rannveig kynnti áætlunina og benti á hækkandi launakostnað. Áætlun samþykkt með öllum atkvæðum. Þar kom fram að fjárhagsáætlun 2003. standist, og er útlit á að þar verði afgangur.

3. Rannveig kynnti verkefni um sögu Austurlands sem er samstarfsverkefni milli M.E. og minjasafns(safnastofnunar). Fengnir styrkir, úr þróunarsjóði framhaldsskóla 350.000. og frá Menningarráði Austurlands 100.000.

4. Tekið var fyrir að skoða með tölvukaup og voru samþykktar ákvarðanir frá síðasta fundi 30. sept. 2003.

5. Næst var tekin fyrir umræða um rekstrarfélag fyrir húseignina Laufskógar 1.

Egilsstaðabæ. Var farið yfir þau mál sem tengjast slíku rekstrarfélagi.

Voru menn hvetjandi þess að slíkt félag yrði stofnað. Starfreglur voru svo bornar upp til samþykktar, og samþykktar með öllum greiddum atkvæðum.

6. Ársreikningur 2002.

Rannveig lagði fram ársreikning frá 2001 og skýrði frá. Nokkrar umræður urðu um Reikningana og voru þeir bornir upp til samþykktar. Voru reikningarnir samþykktir einróma, með þeim fyrirvara að endurskoðandi skrifaði undir en þá áritun vantar.

7. Önnur mál:

Rannveig gat um bréf sem sent hafði verið til Alþingis þar sem bent var á þau loford sem gefin hafa verið en ekki staðið við.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:00.

Hákon Aðalsteinsson

Björn Aðalsteinsson

Íris Lind Sævarsdóttir

Rannveig Þórhallsdóttir.

Stjórnarfundur Minjasafns Austurlands haldinn mánudaginn 3. nóv.2003kl. 16:00.

Mættir: Þorsteinn Gústafsson, Ásmundur Þórarinsson,
Hákon Aðalsteinsson, Rannveig Þórhallsdóttir.

Á dagskrá er að velja úr umsóknum um stöðu safnvarðar.

Þessar umsóknir hafa borist:

Boði Stefánsson kt. 100562-4059

Birgitte Bjarnason 280959-7749

Eyjólfur Finnsson 140657-5229

Anna Valgerður Hjaltadóttir

Farið yfir umsóknir og þær ræddar. Ákveðið var að ráða Önnu Valgerði til starfsins. Safnstjóra falið að ganga frá ráðningasamningi og tilkynna umsækjendum afgreiðslu fundarins.

Fundi slitið kl. 16:45. Ásm. Þórarinsson, ritari.

Rannveig Þórhallsdóttir, Þorsteinn Gústafsson, Hákon Aðalsteinsson.

Aðalfundur Minjasafns Austurlands fyrir árið 2002 haldinn fimmtudaginn 18. des. 2003 í safnahúsinu við Laufskóga 1. Egilsst. kl. 17:00.

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Afgreiðsla ársreikninga fyrir 2002
3. Afgreiðsla fjárhagsáætlunar 2004
4. Kjör stjórnar og varastjórnar.
5. Kjör endurskoðenda.
6. Önnur mál. a) Ársskýrsla.

1. Fundarstjóri Hákon Aðalsteinsson setti fund og gaf formanni stjórnar Þóreyju Hannesdóttur orðið. Flutti hún skýrslu stjórnar 2002. Afs. frá Kristjönu Björnsdóttur, sem var í síma-sambandi við fundinn, að skýrsla stjórnar eigi að vera fyrir tímabil milli aðalfunda.

2. Ársreikningur 2002 samþykktur. Ásmundur vék af fundi.

3. Fjárhagsáætlun fyrir 2004. Fulltrúi Borgarfjarðarhrepps telur að hýsing og rekstarkostnaður eigi að færast inni / tilheyri fjárhagsáætlun en ekki sem viðbótarkostnaður vegna tölvu-kaupa safnsins. Hýsing og rekstur er árlegur kostnaður og því tilheyrir það í fjárhagsáætlun. Fjárhagsáætlun var að öðru leiti samþykkt samhljóða.

4. Kjör stjórnar og varastjórnar.

Fram kom tillaga að stjórn fyrir næsta starfsár:

Þórey Hannesdóttir, Fellahreppi
Kristjana Björnsdóttir, Borgarfirði eystri.
Ásmundur Þórarinsson, Norður- Héraði
Íris Lind Sævarsdóttir, Austur-Héraði
Hákon Aðalsteinsson, Fljótshreppi

Til vara:

Þorsteinn Gústafsson, Fellahreppi
Gunnar Jónsson, Fljótshreppi
Emil Björnsson, Austur-Héraði
Björn Aðalsteinsson, Borgarfirði eystri
Ingifinna Jónsdóttir, Norður-Héraði.

5. Endurskoðendur.

Samþykkt að KPMG annist gerð og endurskoðun ársreikninga.

6. Önnur mál:

- a) Ársskýrsla 2001 liggur frammi og árskýrsla 2002 verður send út fyrir áramót.
- b) Aðalfundur fagnar því að safnið muni fá nýjan tölvukost á næstu dögum.

Fundargerðin lesin og staðfest. Fundi slitið.

Rannveig Þórhallsdóttir
Þórey Hannesdóttir
Hákon aðalsteinsson
Íris Lind Sævarsdóttir.

Fundur stjórnar Minjasafns Austurlands kl: 18:17 í húsnæði safnsins.

Aldursforseti Hákon Aðalsteinsson setti fund og óskaði nýkjörnum stjórar mönnum velfarnaðar í starfi. Stjórn skipti með sér verkum þannig:

Formaður: Þórey Hannesdóttir, Fellahreppi

Varaformaður: Kristjana Björnsdóttir, Borgarfj. Eystra

Ritari: Ásmundur Þórarinsson, Norður-Héraði

Meðstjórnendur: Íris Lind Sævarsdóttir, Austur Hérað

Hákon Aðalsteinsson, Fljótshálsur.

Þórey Hannesdóttir tók við fundarstjórn og óskaði stjórn góðs gengis í starfi sínu.

Fundargerðin lesin og samþykkt.

Hákon Aðalsteinsson

Þórey Hannesdóttir

Rannveig Þórhallsdóttir

Íris Lind Sævarsdóttir.

Fundur stjórnar Minjasafnsins hinn 19.08. 2004 kl. 17:15. Mættir: Kristjana Björnsd. Íris Lind Sævarsd. Þorsteinn P Gústafsson og Rannveig Þórhallsd.

Kristjana setti fundinn og stjórnaði honum.

1) Reikningar safnsins. Rannveig gerði grein fyrir rekstrinum og taldi hann ganga vel þannig að skv. reikningum ætti reksturinn ekki að fara fram úr áætlun á þessu ári. Hins vegar eru ýmsir rekstrarliðir síðasta árs allmiklu hærri en áætlað var en aðrir hins vegar lægri. Að öðru leyti vísast til reikninganna sjálfra. Eftir umræður bar fundarstjóri reikningana upp til samþykktar og voru þeir samþykktir og síðan áritaðir.

- 2) Staða fjármála 1. ágúst '04. Sveitafalögin hafa staðið við framlög sín og eins og getið er um undir 1. lið eru allflestir liðir innan ramma fjárhagsáætlunar.
- 3) Undirritun samnings Húsfélagsins að Laufskógum 1. Rannveigu falið að undirrita þennan fyrirbyggjandi samning í þeirri gerð sem hann nú er í um Húsfélag að Laufskógum 1. (Safnahús), að því tilskildu að lóðaleigusamningur liggi fyrir.
- 4) Drög að fjárhagsáætlun næsta árs, 2005.
Veruleg hækkun er áætluð á árinu 2005. Stafar það fyrst og fremst af því að kaupa þarf sýningarskápa sem eru með raka og hitastýringu fyrir forngripi.
Eins er launakostnaður áætlaður allnokkuð hærri. Vísast í því sambandi til Skýringarblaðs safnstjóra. Forsendur fyrir breytingum á rekstri Minjasafns Austurlands 2005 og draga að fjárhagsáætlun. Ekkert var ályktað um fjárhagsáætlunina.

5) Önnur mál.

- a) Fæðingarorlof safnstjóra. Auglýsa þarf eftir afleysingarkrafti en safnstjóri fer í orlof í feb. 2005 í eitt ár.
- b) Verk Sölva Aðalbjarnarsonar. Stjórn Minjasafnsins hefur ekkert við það að athuga að Austur Hérað setji upp umrædd verk á lóð safnsins enda hafi safnið hvorki kostnað né beri ábyrgð á þeim.
- c) Bifreiðagjöf frá Freyshólum. Safnstjórn hefur áhuga á að styðja við áhugamenn eða samtök þeirra um varðveislu eða viðhald á bílnum sem er Ford árgerð 1930 með því t.d. að stuðla að stofnun félagsskapar þar um.

Fleira ekki gert. Fundargerð lesin upp og samþykkt. Fundi slitið 18:55

Íris Lind Sævarsdóttir

Kristjana Björnsdóttir

Þorsteinn Gústafsson

Rannveig Þórhallsdóttir.

Stjórnarfundur 3. nóvember 2004 kl. 17:00

Mættir: Þórey H, Íris Lind, Kristjana – auk safnstjóra.

Mál fundarins var að fara yfir og meta umsóknir um afleysingarstarf safnstjóra til 1. árs.

Sex umsóknir bárust formanni.

Gísli Þór Gunnarsson

Anna Lís Gunnarsdóttir

Auður Ingvarsdóttir

Fjölur B Hlynsson

Rannveig Gissurardóttir

Elfa Hlín Pétursdóttir

Stjórnin var sammála um að boða Elfu Hlín Pétursdóttur til viðtals og mun hún hitta stjórn mánudaginn 8. nóv. kl. 17:00 í Minjasafninu.

Fleira ekki tekið fyrir – fundi slitið 18:10.

Kristjana Björnsdóttir -fundaritari.

Íris Lind Sævarsdóttir

Þórey Hannesdóttir

Rannveig Þórhallsdóttir

Stjórnarfundur, mánud. 8. nóv. 2004 kl. 17:00.

Mætt: Þórey Hannesd, Kristjana Björnsd, Ásmundur Þórarinsson

Fyrir tekið.

Elfa Hlín Pétursdóttir í viðtal við stjórn vegna umsóknar um stöðu safnstjóra um árs skeið.

Eftir það ákvað stjórn að Þórey gengi frá ráðningarsamningi við Elfu.

Ákv. Að aðalfundur skuli haldinn miðvikudag 24. nóv. n.k.

Fleira ekki, fundi slitið.

Ásmundur Þórarinsson

Kristjana Björnsdóttir

Þórey Hannesdóttir

Elfa Hlín Pétursdóttir

Íris Lind Sævarsdóttir.

Stjórnarfundur, þriðjudag 30. nóv. 2004 kl. 17:00

Mættir: Þórey Hannesdóttir, Íris Lind Sævarsdóttir,
Ásmundur Þórarinsson og Rannveig Þórhallsdóttir

Farið yfir fjárhagsáætlun fyrir 2005 og gerð drög að henni fyrir aðalfund.

Samþ. að sótt verði um til aðildarsveitafélaga safnsins um aukafjárveitingu til kaupa á sýningarskápum sérsmíðuðum.

Ásm. Þórarinsson

Íris Lind Sævarsdóttir

Þórey Hannesdóttir

Rannveig Þórhallsdóttir.

Aðalfundur Minjasafns Austurlands haldinn þriðjudaginn 7. desember 2004 kl. 15:30
í húsnæði Minjasafnsins.

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Afgreiðsla ársreikninga árið 2003.
3. Afgreiðsla fjárhagsáætlunar 2005.
4. Kjör stjórnar og varastjórnar.
5. Kjör endurskoðenda.
6. Önnur mál.

Mættir: Þórey Hannesdóttir, Hákon Aðalsteinsson, Íris Lind Sævarsdóttir,
Kristjana Björnsdóttir, Ásmundur Þórarinsson og Rannveig Þórhallsdóttir.
Formaður Þórey Hannesdóttir setti fund og bauð fundarmann velkomna og fól
Kristjönu Björnsdóttur fundarstjórn.

1. Formaður flutti skýrslu stjórnar fyrir árið 2003.

Nokkrar umræður urðu undir þessum lið.

2. Ársreikningur fyrir árið 2003 lagður fram ræddur og samþykktur.

Niðurstöðutölur: rekstrarreiknings, hagnaður kr. 1.133.830,- efnahagsreikningur,
Eignir samt. Kr. 619.963.

3. Fjárhagsáætlun fyrir 2005: rædd og samþykkt. Niðurstöðutala kr. 15.011.000.-

4. Samþ. að sama stjórn sitji áfram aðalmenn og varamenn.

5. Endurskoðendur verði áfram KPMG.

Engin önnur mál. Fundi slitið kl. 16:45

Ásmundur Þórarinsson fundaritari

Þórey Hannesdóttir Hákon Aðalsteinsson Íris Lind Sævarsdóttir

Kristjana Björnsdóttir Rannveig Þórhallsdóttir

Fimmtudaginn 13. janúar 2005 var haldinn fundur hjá stjórn Minjasafnsins.

Á dagskrá fundarins er fjalla um og ganga frá ráðningu afleysingasafnstjóra í stað Rannveigar Þórhallsdóttir sem fer í barnsburðarfrí.

Prókúruskipti fyrir Elfu Hlín Pétursd. og umsókn um flugkort fyrir Elfu Hlín.

Mættir eru:

Práinn Sigvaldason, Rannveig Þórhallsdóttir, Hákon Aðalsteinsson, Þórey Hannesdóttir og Elfa Hlín (væntanlegur) nýráðin safnstjóri. Forföll boðuðu Ásmundur Þórarinsson og Kristjana Björnsdóttir.

1. Rannveig tók til máls og fól Þóreyju að kynna ráðningarsamninginn, þar kom meðal annars fram að samið er um 30.000 kr. Akstursstyrkur pr. Mánuð og 3000. kr. Í símakostnað pr. mán. Fjallað var um ráðningarsamninginn og hann samþykktur.

2. Tekið var fyrir umboð um prókúruumboð til handa Elfu Hlín og var samþykkt að veita henni það.

3. Tekið var fyrir að heimila Elfu Hlín að sækja um svokallað flugkort til að nýta við ferðalög, og var að samþykkt síðan var prókúruumboð undirritað.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

Hákon Aðalsteinsson Þórey Hannesdóttir

Práinn Sigvaldason Rannveig Þórhallsdóttir

Elfa Hlín Pétursdóttir.

Þriðjudaginn 31. maí 2005 kl. 17:00 var haldinn stjórnarfundur Minjasafnsins í húsnæði safnsins.

Mættir. Þórey Hannesdóttir, Kristjana Björnsdóttir, Ásmundur Þórarinsson og Elfa Hlín Pétursdóttir safnstjóri.

Dagskrá: 1. Starfsemi safnsins

2. Staða fjármála 15. maí 2005

3. Fyrirhugaðar breytingar

4. Önnur mál.

1. Þórey setti fundinn.

Elfa Hlín greindi frá starfsemi safnsins og áformum um sumardagskrá.

Verður þar marga á þjónum. Hafin er vinna við að gera tillögu að stefnumörkun fyrir safnið. Komin er út bæklingur sem er afrakstur samvinnuverkefnis ME og Minjasafnsins og nefnist „Frá innsiglium til framhlaðnings“.

2. Ræddar ýmsar hugmyndir um fyrirhugaðar breytingar á sýningum. Ennfremur um að bæta aðstöðu og búnað svo sýningar geti orðið meira lifandi, áhugaverðari og fræðandi.

Fundargerð lesin og samþ. Fundi slitið kl. 18:15.

Kristjana Björnsdóttir Ásmundur Þórarinsson, ritari

Þórey Hannesdóttir

Elfa Hlín Pétursdóttir

Þriðjudaginn 13. sept. 2005 hófst stjórnarfundur í Minjasafni Austurlands kl. 17:00-19:15-.
Mættir: Þórey Hannesdóttir, Hákon Aðalsteinsson, Sigríður Sigmundsdóttir
og Kristjana Björnsdóttir ásamt settum safnstjóra Elfu Hlín.

1. Ársreikningur 2004

Rekstrartekjur 12.079.691.

Rekstrargjöld 11.582.700.

Eigið fé 31.12.2004- 133.078-

Talsverðar umræður urðu um reikninga og frávik frá áætlun. Í áritun endurskoðenda er tekið fram að álit þessa nái eingöngu til efnahagsreiknings vegna takmarkana í innra eftirliti byggðasamlagsins.

Fundarstjóri bar reikninga upp til samþykktar og voru þeir samþykktir einróma.

Stjórn áritaði reikningana.

2. Fjárhagsáætlun 2006. Unnið að gerð áætlunar. (undirbúningur)

3. Ársskýrsla 2004. Lögð fram drög að ársskýrslu sem stjórnarmenn geta kynnt sér.

4. Safnastefnan.

Elfa Hlín kynnti Safnastefnu Minjasafns Austurlands sem hún hefur lagt mikla vinnu í að taka saman, hvatti hún stjórnina til að kynna sér innihald ritsins og koma með ábendingar.

5. Ný fastasýning.

Lagðar fram fyrstu hugmyndir um breytingar og tilhögun nýrrar fastasýningar í Minjasafni Austurlands sem Björn G Björnsson sýningahönnuður hjá List og Sögu e.h.f. hefur unnið samkv. beiðni Elfu Hlínar.

Stjórnarmenn fengu eintak sem inniheldur einnig kostnaðaráætlun vegna vinnu Björns sem Elfa leggur til að ráðin verði til verksins. Ákvörðun frestað þar sem fundarmann voru tímabundnir var fundi frestað kl. 19:00 og verður boðað til hans í næstu viku.

Fundargerð lesin og samþykkt.

Kristjana Björnsdóttir

Hákon Aðalsteinsson

Sigríður Sigmundsdóttir

Þórey Hannesdóttir

Elfa Hlín Pétursdóttir.

Framhald fundar frá 13. sept.

Mættir: Kristjana Björnsdóttir, Hákon Aðalsteinsson, Þórey Hannesdóttir, Þráinn Sigvaldason, Ásmundur Þórarinsson og Elfa Hlín Pétursdóttir safnstjóri.

5. Umræður um nýja fastasýningu og hönnun hennar. Fyrir liggur verksamningur við List og sögu ehf. um að hanna sýninguna og hafa umsjón með gerð hennar og uppsetningu. Stjórnin samþykkti að safnstjóri gengi frá þessum samningi fyrir hönd Minjasafnsins.

Safnstjóra heimilað að fá til aðstoðarfólk við handritagerð vegna sýningarinnar.

6. Hressa þarf upp á heimasíðu safnsins og endurbæta. Núvarandi heimasíða þjónar Ekki lengur þörfum safnsins, síst þegar ný sýning hefur verið sett upp.

7. Geirastaðakirkja hefur látið á sjá á síðari árum og þarfnast umtalsverðrar viðgerðar. Veggir hafa sigið og torf á þaki skemmst eða er ónýtt.

Safnstjóri hefur fengið vanan mann til að gera við kirkjuna og er hann væntanlegur á næstunni. Bekkir og borð til að hafa úti fyrir kirkjunni ásamt upplýsingaskilti verður einnig sett upp.

8. Rætt um samstarf safna á Austurlandi, sérstaklega nálægustu söfnum.

9. Sarpur og skráningarmál.

Munaskrá safnsins að mestu komin inn í Sarp. Má þakka það aðstoðarfólki safnstjóra.

10. Önnur mál.

Safnstjóri lýsti hugmynd sinni um að stofnuð yrðu hollvinasamtök Minjasafnsins.

Stjórn einróma um að leggja sitt til að styðja frumkvæði að slíkum samtökum.

Fundarmenn lýstu ánægju sinni með safnanótt 19. ágúst s.l. og þakkar því fólki sem að dagskrá kom og undirbúningi.

Fundi slitið kl. 18:41.

Fundarritari Ásmundur Þórarinsson

Hákon Aðalsteinsson

Þráinn Sigvaldason

Kristjana Björnsdóttir

Elfa Hlín Pétursdóttir.

Stjórnarfundur haldinn 18. okt. 2005 í Safnahúsinu kl. 16:00

Mættir: Þórey Hannesdóttir, Björn Aðalsteinsson, Ásmundur Þórarinsson og Elfa Hlín Pétursdóttir.

Dagskrá: 1. Fjárhagsáætlun 2006 og þriggja ára áætlun 2007-2009.

2. Safnastefna Minjasafnsins.

3. Önnur mál.

1. Fjárhagsáætlun, drög, yfirfarin og rædd. Umræður um 3ja ára áætlun frestað til næsta fundar.

2. Safnastefna Minjasafnsins samþ. einróma.

Fundi slitið kl. 17:30.

Ásmundur Þórarinsson

Þórey Hannesdóttir

Björn Aðalsteinsson

Elfa Hlín Pétursdóttir.

Stjórnarfundur haldinn 27. okt. 2005 í Safnahúsinu kl. 16:00.

Mættir: Þórey Hannesdóttir, Þráinn Sigvaldason, Ásmundur Þórarinsson og Elfa Hlín Pétursdóttir

Dagskrá: 1. Ráðning starfsmanns í 50% stöðu.

2. Fjárhagsáætlun 2006.

3. Fjárhagsáætlun 2007-2009.

4. Önnur mál.

1. Samþ. samhljóða að safnið ráði starfsmann í 50% stöðu til viðbótar við þá sem fyrir eru.

2. Fjárhagsáætlun 2006 yfirfarinn og samþykkt samhljóða.

3. Fjárhagsáætlun 2007- 2009 rædd og yfirfarin og samþ. samhljóða.

4. Önnur mál: Stjórnin hvetur sveitafélögin eindregið til að hefjast handa hið fyrsta við að ljúka við byggingu safnahússins. Þrengsli þar há starfsemi allra safna hússins æ meira. Aðgengi er almennt óviðunandi, sérstaklega að bókasafni sem aftur er líklegt til að draga úr aðsókn að söfnunum. Stjórn tekur enn fremur fram að hún telur þetta vera forgangsverkefni sveitafélaganna í menningarmálum.

Fundi slitið kl. 17:00.

Þráinn Sigvaldason Ásmundur Þórarinsson

Þórey Hannesdóttir Elfa Hlín Pétursdóttir

Aðalfundur Minjasafns Austurlands haldinn þriðjudaginn 22. nóv. 2005 í húsi Minjasafnsins.

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Afgreiðsla ársreikninga 2004.
3. Afgreiðsla fjárhagsáætlunar 2006
4. Kjör stjórnar og varastjórnar
5. Kjör endurskoðenda
6. Önnur mál.

Mætt: Þórey Hannesdóttir, Þráinn Sigvaldason, Kristjana Björnsdóttir,
Þórey setti fund og fól Þránni fundarstjórn og Kristjönu ritun fundargerðar.

1. Þórey fór yfir það helsta frá árinu 2004-2005 þar bar hæst ákvörðun um að setja upp nýja fastasýningu og ráðningu Björns G. Björnssonar til að annast verkið.
Á þessu tímabili hefur Elfa Hlín Pétursdóttir starfað sem safnstjóri í orlofi Rannveigar. Þá samþykkti stjórn ráðningu starfsmanns í 50% starf. Þórey gat þess að stjórnin fjallaði enn og aftur um nauðsýn þess að lokið verði við byggingu Safnahússins því oft hefur verið þörf en nú er nauðsýn. Nokkrar umræður urðu um skýrsluna.
2. Ársreikningur 2004 lagður fram ræddur og samþykktur.
Niðurstöðutölur rekstrarreiknings hagnaður 457.382 þús. eignir 688.145 þús.
3. Fjárhagsáætlun 2006: rædd og samþykkt.
Niðurstöðutala er 14.809.000 og vísað til afgreiðslu sveitafálaga.
4. Samþykkt að sama stjórn sitji áfram, aðal og varamenn.
5. Endurskoðun verði áfram hjá KPMG.
6. Önnur mál: a. Aðalfundurinn tekur undir ályktun stjórnar frá 13. sept. um að stofnuð verði hollvinasamtök Minjasafnsins.
b. Aðalfundurinn lýsir sérstakri ánægju með útkomna safnastefnu Minjasafnsins, sem Elfa Hlín hefur tekið saman. Þá fengu fundarmenn afhenta Ársskýrslu Minjasafns Austurlands 2004 sem var rædd.
Fundinn sátu auk framantalinna Elfa Hlín Pétursdóttir, Rannveig Þórhallsdóttir Grímur Ólafsson sonur Rannveigar.
Fleira ekki gert- fundi slitið kl. 17:00
Kristjana Björnsdóttir
Elfa Hlín Pétursdóttir
Þórey Hannesdóttir
Þráinn Sigvaldason
Rannveig Þórhallsdóttir.

Stjórnarfundur haldinn 16. febrúar 2006 kl. 17:00 í sýningarsal Minjasafnsins
Þar sem þetta er fyrsti fundur eftir aðalfund hófst fundurinn með því að stjórnin skipti með sér störfum og er Þórey formaður, Kristjana varaformaður og Ásmundur ritari.
Á fundinn mættu Þórey Hannesdóttir, Hákon Aðalsteinsson, Kristjana Björnsdóttir ásamt starfsmönnum Rannveigu Þórhallsdóttur og Elfu Hlín Pétursdóttur.

Fyrir tekið:

a) Ársreikningur 2005

Rekstrartekjur: 15.576.121

Rekstrargjöld: 14.317.382

Rekstrarafgangur var á árinu, starfsmaður KPMG skýrði reikningana fyrir stjórn.

Stjórnarmenn samþykktu reikn. 2005 og árituðu hann.

b) Ráðningar á starfsfólki 2006 kyntar. Hrafnkell Lárusson hefur verið ráðinn til starfa, lausráðnir starfsmenn tímabundið Guðný Harðardóttir og Bjarni Þór Sigurbj.

Anna Gerður Hjaltadóttir lætur af störfum í vor.

c) Stofnun reiknings v. Sýningar, prókúra Elfu: samþykkt að veita Elfu Hlín prókúru.

d) Ákveðið að fela Skrifstofu þjónustu Austurlands að sjá um bókhald og fylgiskjalafærslur fyrir safnið.

e) Kaup á fartölvum.

Kaupa þarf 2 fartölvur fyrir safnið. Stjórnin leggur áherslu á að keyptar verði vandaðar tölvur.

f) Önnur mál:

Minjasafnið hefur fengið 2,1 milj. Kr. styrk frá safnasjóði 1.6 milj. er ætluð rekstur, 500 þús. er verkefnastyrkur f. Sarp auk 350 þús. sem ætlað er í farskólann.

Elfa Hlín Pétursdóttir er ráðin sýningastjóri við Minjasafnið og tekur laun samkvæmt 2l. Launaflokki samnings Félags íslenskra fræða og launanevndar sveitafélaga.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:00

Kristjana Björnsdóttir ritar fundargerð í forföllum Ásmundar.

Þórey Hannesdóttir

Hákon Aðalsteinsson

Rannveig Þórhallsdóttir

Elfa Hlín Pétursdóttir.

Stjórnarfundur í Minjasafni Austurlands kl. 16:00, 14.06.06

Mætt eru Þórey, Þráinn, Kristjana boðar forföll v/ veikinda. Fjarverandi eru Ásmundur og Hákon. Á fundinum sitja einnig Hrafnkell Lárusson og Guðný Harðardóttir

1) Málefni Minjasafns v/ breyttra aðstæðna.

Rannveig fer fyrir frá en fyrirfram var ákveðið þar sem hún fæddi barn fyrir tíman.

Elfa er bundin í vinnu í Skálanesi. Ræddir voru þeir fletir sem liggja fyrir safninu.

Guðný mun sjá um þjóðháttagana. Elfa mun taka að sér starf safnvarðar (forstöðumanns)

Eftir er að ræða við hana um ýmislegt s.s. starfshlutfall.

Rætt var un hvort Hrafnkell gæti komið meira til aðstoðar uppi ef með þarf.

Þráinn fær það verkefni að athuga með launagreiðslur. Fundarmenn sammála um að safnið sé í ágætis málum. Þarf bara að klára auglýsingamál v/ Þjóðháttaga.

Rætt var um blómaskreytingar v/ safnsins.

Hrafnkell ætlar að smíða opunar stand. 17. júní er næstum tilbúinn.

Verða lifandi viðburðir.

2. Fundarmenn lýsa ánægju með nýja safnið og aðsóknin á það.

Fundi slitið kl.17:00.

Þráinn Sigvaldason

Þórey Hannesdóttir

Guðný Harðardóttir

Hrafnkell Lárusson

Stjórnarfundur í Minjasafni Austurlands þriðjudaginn 27. júní 2006 kl: 18:00.
Mætt: Þórey Hannesdóttir, Þráinn Sigvaldason og Kristjana Björnsdóttir
Ásamt Elfu Hlín Pétursdóttur.

1. Málefni safnstjóra.

Rannveig Þórhallsdóttir fór í fæðingarorlof 9. júní Elfa Hlín tók við starfinu frá þeim tíma , og mun verða í fullu starfi. Elfa Hlín mun fara yfir starfssamning Guðnýar Harðardóttur með tilliti til aukinnar ábyrgðar. Elfa Hlín tekur við prókúru safnsins af Rannveigu. Stjórnin er mjög ánægð með hvað starfsfólk safnsins hefur staðið sig með mikilli þryði við erfiðar aðstæður undanfarið og metur það mikils.

Þá sendum við Rannveigu og fjölskyldu hennar óskir um gæfu og guðsblessun.

Fundi lokið 19:00

Kristjana Björnsdóttir

Þórey Hannesdóttir

Þráinn Sigvaldason

Elfa Hlín Pétursdóttir.

Stjórnarfundur í Minjasafni Austurlands þriðjudaginn 12. sept. 2006 kl. 16:

Mættir fulltrúar frá Fljótsdalshéraði Þórey Hannesdóttir og Þráinn Sigvaldason

1. fulltrúa vantar frá Borgarfjarðarhreppi Kristjana Björnsdóttir enginn frá Fljótsdalshreppi.

1. Fjárhagsstaða safnsins:

Lausleg samantekt sýnir að fara þarf yfir fjárhagsstöðu safnsins, Kristjönu falið að aðstoða Elfu Hlín við það verk. Stjórnin veitir Elfu Hlín Pétursdóttur heimild til að fá yfirdráttarlán á tékkareikning að upphæð kr. 1.000.000 til áramóta 2006-2007 vegna erfiðrar fjárhagsstöðu safnsins.

2. Staða safnstjóra:

Rannveig Þórhallsdóttir hefur sagt lausu starfi safnstjóra með bréfi dagsettu 10. ág. 06.

Stjórnin þakkar Rannveigu velunnin störf í þágu Minjasafns Austurlands.

Staða safnvarðar til framtíðar er í athugun.

3. Farskóli FJSOS 2006.

Farskólinn verður haldinn á Egilsstöðum að þessu sinni dagana 27. til 29. sept.

4. Fastasýningin:

Hefur fengið góða dóma og gestum hefur fjölgað til muna frá fyrra ári.

Ekki verður rukkaður aðgangseyrir að safninu yfir veturinn.

5. Önnur mál:

Elfa Hlín er að fara í kynnisför til Vesterålen.

Stjórnin fýsir að vita hvað líður áformum um áframhaldandi byggingu safnahússins, og undrar að ekki skuli hafa verið skipað í starfshóp um málið.

Fundi lokið kl. 18:00.

Kristjana Björnsdóttir Þórey Hannesdóttir

Þráinn Sigvaldason Elfa Hlín Pétursdóttir

Fundur í stjórn Minjasafns Austurlands haldinn á safninu 12. okt. 2006 kl.16:30.

Stjórn skipti með sér störfum þannig Þórey Hannesdóttir formaður
Þráinn Sigvaldason varaformaður, Kristjana Björnsdóttir ritari,
Hákon Aðalsteinsson og Sigríður Sigmundsdóttir meðstjórnendur.

1. Gerð fjárhagsáætlunar 2007.

Unnið að gerð áætlunar og farið yfir stöðu fjárhags.

2. Staða safnstjóra.

Staðan verður auglýst í Morgunblaðinu, Þórey mun svara umsækjendum.

3. Önnur mál.

Rætt lítillaga um verkefni og áætlun fyrir árið 2007. Farskóli safnamanna tókst með
ágætum. Dagskrá Safnahússins í vetur verður helguð Sigfúsi Sigfússyni þjóðagnasafnara.

Fundi slitið 18:15.

Kristjana Björnsdóttir fundarritari.

Þráinn Sigvaldason

Þórey Hannesdóttir

Hákon Aðalsteinsson

Elfa Hlín Pétursdóttir

Sigríður Sigmundsdóttir

Fundur í stjórn Minjasafns Austurlands haldinn í safninu 24. okt. 2006. kl.16:30.

Mættir: Þórey, Þráinn, Sigga og Elfa.

1. Fjármál safnsins rædd.

Fyrirséð er að halli safnsins verði rúmar 2 miljónir á árinu 2006. Þar vegur þyngst nýr kjarasamningur FÍFK. við sveitafélögin en samkvæmt honum hækka laun safnvarða og safnstjóra um u.þ.b. 26%. Einnig þurfti, af heilsufarslegum ástæðum, að skipta um safnstjóra fyrir en ætlað var. Sigríður vék fundi kl.17:00.

Með þetta að leiðarljósi fer stjórn Minjasafnsins fram á það við sveitafélögin að veitt verði 2. miljónir króna viðbótaframlag til þess að mæta þessu.

Skipting framlaga sveitafélaga miðast við skatttekjur ársins 2004.

2. Fundartími. Rætt um að hafa fasta mánaðalega fundartíma.

Fundi slitið kl. 17:50. Þráinn Sigvaldason

Þórey Hannesdóttir Elfa Hlín Pétursdóttir

Fundur í stjórn Minjasafnsins 18.12. 2006.

Mætt eru: Hákon, Þórey, Sigga og Þráinn auk Björns Aðalsteinssonar sem er í síma.

Fjarferandi: Kristjana. Fundur settur kl. 15:51.

1. Fjármál safnsins. Öll sveitafélög hafa samþykkt aukafjárveitingu vegna 2006.

Farið yfir fjárhagsáætlun safnsins og hún samþykkt samhljóða.

Áætlun hljóðar upp á 15.919.000.

2. Önnur mál.

a) Safnstjóra falið að leita eftir upplýsingum um kostnað trygginga og tölvumála.

b) Rætt um laun vegna fundarsetu. Ákveðið að færa umræður yfir á aðalfund.

Fundi slitið kl. 16:40

Þráinn Sigvaldason Elfa Hlín Pétursdóttir

Þórey Hannesdóttir Hákon Aðalsteinsson

Sigríður Sigmundsdóttir.

Aðalfundur Minjasafns Austurlands haldinn í Minjasafninu 18. des. 2006 kl. 16:45.

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar
2. Afgreiðsla ársreiknings 2005
3. Afgreiðsla fjárhagsáætlunar 2007
4. Kjör stjórnar og varastjórnar
5. Kjör endurskoðenda.
6. Önnur mál.

Mætt voru, Hákon Aðalsteinsson, Sigríður Sigmundsdóttir, Hrafnkell Lárusson, Þráinn Sigvaldason, Þórey Hannesdóttir, Elfa Hlín Pétursdóttir. Björn Aðalsteinsson var í símanum. Hákon stjórnaði fundi og Þráinn ritaði fundargerð.

1. Skýrsla stjórnar:

Þórey fór yfir árið 2005, í máli hennar kom fram að fjárveitingar komu til þess að setja upp nýja fastasýningu. Einnig ræddi hún um stöðu safnstjóra á árinu 2005.

Á árinu 2006 breyttust síðan hagir þáverandi safnstjóra sem urðu til þess að Rannveig sagði stöðu sinni lausri í haust. Auglýst verður eftir nýjum safnstjóra í byrjun árs 2007. Elfa mun gegna stöðu safnstjóra fram að því. Hún sagði einnig að tími væri komin til að endurskoða samþykktir, um byggðasamlagið. Opnuð var síðan ný fastasýning í haust og hefur hún gengið vel. Formaður leggur síðan til að ókeypis verði inn á safnið.

2. Afgreiðsla ársreikninga 2005.

Elfa lagði fram ársreikning 2005 og eru þeir bornir upp til atkvæðagreiðslu. Þeir samþykktir samhljóða.

3. Afgreiðsla fjárhagsáætlunar 2007.

Fjárhagsáætlun upp á 15.919.000. samþykkt samhljóða.

4. Kjör stjórnar og varastjórnar:

Stjórn starfar óbreytt.

Aðalmenn: Sigríður Sigmundsdóttir Fljótsdalshérað.

Þórey Hannesdóttir Fljótsdalshérað.

Þráinn Sigvaldason Fljótsdalshérað.

Hákon Aðalsteinsson Fljótsdalshreppi

Kristjana Björnsdóttir Borgarfirði

Varamenn: Hulda Daníelsdóttir Fljótsdalshérað

Ásmundur Þórarinsson Fljótsdalshérað.

Gunnhildur Ingvarsdóttir Fljótsdalshérað.

Þórdís Sveinsdóttir Fljótsdalshrepp

Björn Aðalsteinsson Borgarfirði

Samþykkt samhljóða.

5. Kjör endurskoðenda:

Endurskoðun verði áfram hjá KPMG.

6. Önnur mál:

a) Laun stjórnar:

Stjórn ákvað að stjórnarlaun yrðu 4000 kr. per fund. og formaður 8000 kr. per fund.

c) Rætt var um samþykkir um byggðarsamlagið og nauðsýn þess að fara í að endurskoða þær.

Fundi slitið kl. 17:15.

Þráinn Sigvaldason fundarritari.

Elfa Hlín Pétursdóttir

Minjasafn Austurlands – Fundargerðir – 14. mars 1995 til 15. maí 2008

Þórey Hannesdóttir
Hákon Aðalsteinsson
Hrafnkell Lárusson

Stjórnarfundur Minjasafnsins 25.01. 2007.

Mætt eru Þórey, Hákon, Práinn, Elfa, fjarverandi eru Sigríður og Kristjana.

Práinn ritar fund.

Dagskrá:

1. Stjórnin skipti með sér verkum.
2. Ráðning safnstjóra.
3. Önnur mál.

1. Stjórn ákveður að verkaskipting verði ábreytt frá fyrri stjórn.

2. Elfa vikur fundi undir þessum lið.

Starf safnstjóra var auglýst í Mbl. 12. jan. 2 umsóknir bárust. Eftir að hafa farið yfir umsóknir ákveður stjórn að ráða Elfu Hlín Pétursdóttir sem safnstjóra Minjasafnsins.

3. Önnur mál:

Elfa Hlín fer yfir verkefni og stöðuskýrslu safnsins . Þar kom fram að safnið er að fá til sín 2 sjálfboðaliða frá Costa Ríca . Þeir munu koma til með að aðstoða með að endurskoða geymslumál safnsins. Einnig munu þeir koma inn í skráningu muna.

Edda Kr. Björnsdóttir hóf störf í 50% starfi þann 18. janúar. Hún mun hafa yfirumsjón með skráningarmálum. Hrafnkell Lárusson er einnig í 50% starfi. Markviss safnfræðsla fyrir öll skólastig eru á byrjunarstigi. Talsvert er um heimsóknir skólanna og því nauðsýnlegt að hafa fræðsluna sem markvissast.

Ársreikningur fyrir árið 2006 liggur fyrir í lok feb. byrjun mars.

Unnið er að gerð umsókna í nokkra sjóði sem auglýstir hafa verið. Í mótun er að hafa dagskrá heiðurs Sigfúsi Sigfússyni. Það eru Gunnarsstofnun, Héraðsskjalasafnið og Minjasafnið sem vinna að dagsskránni. Ætlunin er að þetta verði í kringum sumardaginn fyrsta.

Minjasafnið og Gunnarsstofnun munu taka á móti 10 skólum. Þeir munu dvelja hér í 10 daga Og kynna sér miðlun menningararfs hér á Austurlandi.

Verið er að vinna í undirbúningi fyrir þjóðhattarlegar auglýsingar og markaðssetning skiptir þar miklu máli. Búið er að stofna félag til verndar og varðveislu um minningar töflu Jóns vefara. Á döfinni er að setja upp sýninguna “komdu og skoðuðu í kistuna mína,,

Þar sem hið mikla kistu og kistlasafn safnsins fær að njóta sín.

Í vor verður skipt um lánsmuni frá þjóðminjasafninu.

Fundi slitið klukkan 16:50

Práinn Sigvaldason Hákon Aðalsteinsson

Þórey Hannesdóttir Elfa Hlín Pétursdóttir.

Stjórnarfundur Minjasafnsins 7. mars. 2007 kl 16:00.

Mættir: Sigríður Sigmundsdóttir, Kristjana Björnsdóttir, Ásmundur Þórarinsson, Elfa Hlín Pétursdóttir og Jóhanna Guðnadóttir frá KPMG- endurskoðun.

Dagskrá: 1. Ársreikningur 2006, drög.

2. Geymslumál

3. Styrktarumsóknir.

4. Verkefni framundan

5. Önnur mál.

1. Jóhanna Guðnadóttir frá KPMG endurskoðun fór yfir drög að ársreikningi 2006. og skýrði liði hans. Stjórnin lagði ríka áherslu á að safnstjóri gætti ýtrustu varfærni í útgjöldum safnsins og fylgi fjárhagsáætlunum. Samþ. að framvegis verði fundir stjórnar ekki sjaldnar en á 3ja mánaða fresti og þá liggi fyrir uppgjör á fjáreiðum safnsins næstu 3ja mánaða á undan.

2. Geymslur safnsins skoðaðar. Ástand þar er með öllu óviðunandi svo lítið má útaf bera til þar geti orðið óbætanlegt tjón á munum. Stjórnin skorar á bæjarstjórn að láta ekki við svo búið standa lengur og bregðast við til úrbóta.

3. Safnstjóri hefur sótt um styrk í 5 sjóði og hefur einn þeirra Safnasjóður samþykkt að leggja safninu til 1.9 miljónir. Aðrir sjóðir hafa ekki afgreitt umsóknina

4. Safnstjóri greindi frá verkefnum sem á döfinni eru hjá safninu til haustsins.

5. Önnur mál engin. Fundi slitið.

Fundaritari Ásmundur Þórarinsson Kristjana Björnsdóttir

Sigríður Sigmundsdóttir Elfa Hlín Pétursdóttir

Stjórnarfundur Minjasafnsins fimmtudaginn 29. mars 2007.

Mætt eru Þórey, Hákon, Þráinn og Elfa.

1. Ársreikningar 2006.

2. Húsnæðismál.

Fundur settur kl. 16:00

1. Farið yfir ársreikning 2006. Jóhanna Guðnadóttir frá KPMG. Fylgdi þeim úr hlaði.

Rætt var um öryggi og eftirlit í fjárhagsmálum. Þráinn er að skoða hvort Fljótsdalshérað getur tekið að einhverju leiti að sér bókhald og færslu reikninga þannig ætti að létta mikið á safnstjóra og eftirliti hans með fjárhagsstöðu yrði einfaldara.

Ársreikningur lagður fram til samþykktar, þeir samþykktir samhljóða og síðan undirritaðir.

2. Húsnæðismál.

Rætt var um lekavandamál. Leki er mikill í Minjasafnshluta hússins.

Töluverður leki er yfir og í kringum aðal rafmagnstöflu hússins. Brýnt er að færa í aðgerðir sem allra fyrst.

Stjórn minjasafnsins leggur til að skipaður verði vinnuhópur sem allra fyrst til þess að fara yfir byggingarmál og þann vanda sem safnahúsið býr við.

Stjórn mælir með að í vinnuhópnum sitji einn úr hverri stjórn þeirra safna sem í húsinu er (bókasafni, Héraðskjalasafni og Minjasafni), einn starfsmaður á vegum vegum hússins og fasteigna og þjónustufulltrúi Fljótsdalshéraðs.

Elfu falið að senda bréf til viðkomandi sveitafélaga.

Fundi slitið kl. 17:00.

Þráinn Sigvaldason Þórey Hannesdóttir

Elfa Hlín Pétursdóttir Hákon Aðalsteinsson.

Stjórnarfundur í Minjasafni 25. apríl 2007 kl. 16:00.

1. Fjárhagsstaða 31. 3. 2007.

Farið yfir stöðuna sem sýnist viðunandi enn sem komið er, gæta verður áfram aðhalds í fjármálum safnsins.

2. Verkefnastaða:

Elfa Hlín fór yfir „punkta” frá fundi starfsmanna með stjórninni. Verið er að hnýta lausa enda og búið er að skipuleggja sumarstarfið að mestu leiti. Verið er að kanna hjá Kjarvalsstofu hvort áhugi er fyrir því að taka Kjarvalshvamminn í fóstur.

3. Önnur mál:

Þráinn sagði að kostnaður við að taka torfið af geymslunni og setja bráðabirgðapak á kosti um það bil 3,5 milj.

Fundargerð samþykkt, fundi slitið kl. 17:30.

Kristjana Björnsdóttir

Hákon Aðalsteinsson

Þráinn Sigvaldason

Elfa Hlín Pétursdóttir.

Stjórnarfundur í Minjasafninu 22. okt. 2007 kl. 14:30.

Mættar fyrir Fljótsdalshérað: Þórey Hannesdóttir, Sigríður Sigmundsdóttir og Gunnhildur Ingvarsdóttir. Fyrir Fljótsdalshrepp: Þórdís Sveinsdóttir, Halldóra Tómasdóttir og fyrir Borgarfjörð: Kristjana Björnsdóttir auk Elfu Hlínar safnstjóra.

1. Fjármál og fjárhagsáætlun.

Elfa Hlín fór yfir fjárhagsstöðu safnsins 30. sept. 2007. Það lýtur út fyrir að rekstur safnsins verði innan fjárhagsáætlunar enda hefur verið gætt ýtrustu ráðdeildarsemi í rekstrinum fyrir árið 2008.

Unnið að gerð fjárhagsáætlunar.

2. Önnur mál:

Hrafnkell Lárusson hefur sagt upp starfi sínu hjá Minjasafninu og mun hann hætta um áramót. Stjórn Minjasafnsins þakkar Hrafnkeli vel unnin störf og óskar honum velfarnaðar í nýju starfi. Fyrir tekið bréf frá Hjörleifi Guttormssyni varðandi minningarmark um Jón lærða á Hjaltastað, stjórn Minjasafnsins fagnar framtakinu.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:00.

Kristjana Björnsdóttir Þórey Hannesdóttir
Elfa Hlín Pétursdóttir Sigríður Sigmundsdóttir
Halldóra Tómasdóttir.

Stjórnarfundur í Minjasafni haldinn föstudaginn 26. okt. 2007. kl. 14:00

Mættar: Sigríður og Þórey fyrir Fljótsdalshérað. Halldóra fyrir Fljótadalshrepp, Kristjana fyrir Borgarfjörð, og Elfa Hlín.

1. Gerð fjárhagsáætlunar.

Farið yfir drög að fjárhagsáætlun, gerðar voru títilhátar breytingar. Stjórnin leggur til við sveitafélögin að fjárhagsáætlun f. árið 2008 með framlögum að upphæð kr. 16.786.553 og heildarvelta 19.201.553 kr. verði samþykkt.

2. Önnur mál:

Boðað verður til aðalfundar fimmtudaginn 15. nóvember kl. 15. í Minjasafninu.

Safnstjóri og stjórn eru sammála um að lögð verði aukin áhersla á fræðslustarf safnsins m.a. með samstarfi við öll skólastig á svæðinu.

Skemmtilegar umræður í lokin.

Fundi slitið kl. 14:45. Kristjana Björnsdóttir ritari

Þórey Hannesdóttir

Sigríður Sigmundsdóttir

Halldóra Tómasdóttir

Elfa Hlín Pétursdóttir.

Aðalfundur Minjasafns Austurlands 15. nóvember 2007.

Fundur er settur 15:10. Mætt eru Þórey Hannesdóttir, Gunnhildur Ingvarsdóttir og Sigríður Sigmundsdóttir fyrir Fljótsdalshérað, Björn Aðalsteinsson fyrir Borgarfjörð, Halldóra Tómasdóttir fyrir Fljótsdalshrepp, Sigurjón Bjarnason er gestur. Elfa Hlín Pétursdóttir safnstjóri er einnig mætt. Fundarstjóri er Sigríður Sigmundsdóttir.

Dagskrá fundarins:

1. Skýrsla stjórnar:
2. Afgreiðsla ársreikninga 2006
3. Afgreiðsla fjárhagsáætlunar 2008
4. Kjör stjórnar og varastjórnar
5. Kjör endurskoðenda
6. Önnur mál.

1. Þórey fór yfir skýrslu stjórnar 2006.

Sett var upp ný fastasýning. Rannveig fór fyrir frá í fæðingarorlof en ætlað var.

Elfa tekur að sér starf safnstjóra. Skörun í launum veldur því að fjárhagsáætlun riðlast. Sótt um viðbótarframlag til sveitarfélaga einnig vegna launahækkana v/ kjarasamninga. Öll sveitafélögin samþykkja aukafjárveitingu.

Farskólinn er haldinn á Egilsstöðum 27-29. sept. 2006. Stjórnina fýsir að vita hvað liður áformum um áframhaldandi byggingu safnahússins. Staða safnstjóra auglýst í Mbl. Aðalfundur haldinn 18. des. 2006.

2. Afgreiðsla ársreikninga 2006. Elfa lagði fram ársreikningana.

Bornir upp til samþykktar. Samþykktir einróma.

3. Afgreiðsla fjárhagsáætlunar 2008.

Umræður fóru fram. Fjárhagsáætlun uppá 19.201.553.-

Samþykkt einróma.

4. Kjör stjórnar og varastjórnar:

Sigurjón biður um að bókað verði: Að aðalfundi verði frestað þar til komið er í ljós hverjir eru réttkjörnir fulltrúar Fljótsdalshéraðs. Sigríður leggur til að aðalfundi verði frestað. Um leið frestast liðir 4.-6. á dagskránni. Fundi er frestað kl. 16:00.

Stjórn mun boða til framhaldsfundar .

Gunnhildur Ingvarsdóttir

Björn Aðalsteinsson

Sigríður Sigmundsdóttir

Þórey Hannesdóttir

Halldóra Tómasdóttir.

18. des. 2007.

Aðalfundi frá 15. nóv. framhaldið í safnahúsinu kl. 15:00.

4. Framhald kjörs stjórnar og varastjórnar.

Sigurjón Bjarnason formaður

Halldóra Tómasdóttir varaformaður

Kristjana Björnsdóttir ritari

Aðrir í stjórn Gunnhildur Ingvarsdóttir og Sigríður Sigmundsdóttir

Varamenn:

Ásmundur Þórarinsson Fljótsdalshérað

Helga Þórarinsdóttir Fljótsdalshérað

Hulda Daníelsdóttir Fljótsdalshérað

Þórdís Sveinsdóttir Fljótsdal

Björn Aðalsteinsson Borgarfirði

5. Endurskoðendur.

KPMG um sjá um endurskoðun sem fyrr.

6. Önnur mál.

a) Fjárhagsáætlun 2008: Bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs hafnaði fjárhagsáætlun fyrir 2008 og því verða framlög sveitafélaga tæpar 15. millj. Stjórn og framkvæmdastjóri munu því reyna að sníða útgjöldin eftir því m.a. með því að ráða ekki í ½ starf, þetta næsta ár, en sá starfsmaður hættir nú um áramót.

b) Rætt um húsnæðismálin og seinagang í byggingu safnahússins, Sigurjón og Elfa Hlín munu hittast reglulega þannig að framkvæmdastjóri fái betri tengsl inn í stjórn.

Góð umræða um safnamál, stefnu og strauma.

Stjórn Minjasafnsins færir Þóreyju Hannesdóttur og Hákonni Aðalsteinssyni, sem nú láta af störfum, kærar þakkir fyrir áratuga fórnfúst starf fyrir Minjasafn Austurlands.

Fundi slitið kl. 16:10. Kristjana Björnsdóttir

Sigurjón Bjarnason

Halldóra Tómasdóttir

Gunnhildur Ingvarsdóttir

Elfa Hlín Pétursdóttir.

Stjórnarfundur í Minjasafni Austurlands fimmtudaginn 15. maí 2008 kl. 15.
í húsnæði safnsins.

1. Sumardagskrá.

Sameiginleg sýning með Vesterålen og Donegal þar sem sauðkindin afurðir og gildi í menningu landana þriggja verður megin þemað.

Handverkskonur verða með aðstöðu í safninu og verða með sölu á varningi sínum, einnig verður áframhald á samstarfi við eldri borgarafélagið á Fljótsdalshéraði.

Aðgangseyrir verður kr. 500 frá og með 1. júní frítt fyrir 16. ára og yngri og 67. ára og eldri.

2. Stækkun safnahússins.

Beðið er eftir loka þarfagreiningu og verður hún kynnt sveitastjórnnum þegar hún liggur fyrir.

Þá er hafin könnun á breytingu á eignarhaldi hússins. Gagnavarslan ehf. hefur kynnt stjórnnum safna og sveitastjórnarmönnum þjónustu sína sem felst í sérhæfðu geymsluhúsnæði fyrir gögn og muni af ýmsu tagi. Stjórn Minjasafnsins finnst þetta áhugaverð hugmynd.

3. Starfsmannamál.

Í sumar verður 2 og ½ stöðugildi við safnið. Frá og með 1 ágúst verður safnakennari í hálfu starfi. Sigurjóni falið að ganga frá ráðningasamningi við Elfu Hlín.

4. Erindi frá Eiðavinum.

Eiðavinir óska eftir samstarfi við Minjasafnið vegna fyrirhugaðrar sögusýningar á Eiðum.

Elfu Hlín falið að kanna hvort og þá hvernig slíkt samstarf gæti átt sér stað.

5. Fjárhagsstaða – 1. ársfjórðungur.

Gögn verða send stjórnarmönnum rafrænt.

6. Markaðsmál.

Jarko Hemmi sem er finnskur markaðsfræðingur býður Minjasafninu þjónustu sína .
Elfa kannar málið.

7. Önnur mál.

Fyrir liggur beiðni frá Erik Bugge um staðfestingu Minjasafnsins á þátttöku safnsins verkefninu Three sides of the same sea: Samþykkt. Elfa sagði frá þátttöku í verkefninu „Aðgengi fyrir alla“ sem voru á vegum safnaráðs og Minjasafnið vann með innflytjendum.

Heimasíðan minjasafn.is hefur fengið andlitslyftingu og mun tilkynning verða send út á næstu dögum. Elfa sendi okkur bæklinginn *Horsteinn menningar*.

Móttaka safnagesta upplýsingarit fyrir starfsfólk safna.

Fundi slitið kl. 16:00 Kristjana Björnsdóttir

Gunnhildur Ingvarsdóttir

Halldóra Tómasdóttir

Elfa Hlín Pétursdóttir

Sigurjón Bjarnason.